**Tafla 64. Getur þú lýst því stuttlega hvers konar lög, reglur eða reglugerðir það eru sem þú telur vera samkeppnishamlandi? – Opin svör**

Þeir svarendur sem sögðust geta lýst því stuttlega hvers konar lög, reglur eða reglugerðir það eru sem þeir telja vera samkeppnishamlandi svöruðu þessari spurningu. Þess skal getið að þessi opnu svör endurspeglar raunfjölda svarenda, ekki vigtaðan fjölda svarenda.

- 
- Að bíða þurfi til að aðili sé dóminerandi á markaði til að ríkið þurfi að lúta undan. Ríkið keppir með 3 starfsstöðvum á móti einni og reiknar massa vinnslu sölu sem seldar vörur sem skekkir sölutölur á unnum vörum.
  - Að ríkið skuli leyfa eftirlitslaust Airbnb, að heita má í 90 daga, en enginn skiptir sér af, og er því Airbnb leyft að grafa undan fyrirtækjum sem eru að reyna að starfa löglega á þessum markaði. Skattaundanskot og ekkert eftirlit tíðkast hjá Airbnb, en fyrirtækin þurfa að standa skil á öllum sínum gjöldum og leyfum.
  - Aðgengi að gögnum, sem greitt er fyrir með skattfé, er takmarkað við ríkisstofnun.
  - Afurðastöðvar landbúnaðarins verða að fá að hagræða með samvinnu/sameiningu, til þess að mæta aukinni samkeppni erlendis frá á innflutningi matvæla.
  - Allt sem Alþingi hefur samþykkt snýr að því að vernda og búa til girðingar fyrir þá sem eru fyrir á markaði.
  - Almennt hef ég enga trú á að inngrip samkeppnisyfirvalda skipti nokkru máli þegar horft er framávið eða til baka. Í besta falli er starfsemin hamlandi á þróun sem mun eiga sér stað.
  - Auglýsingabann sem stóru fyrirtækin misnota með léttöli.
  - Auknar og oft yfirþyrmandi kröfur um gæðaeftirlit, aðgreiningu starfa og formkröfur og þ.h. gagnast þeim stóru og kemur í veg fyrir nýliðun og samkeppni.
  - Áfengiseinkasala.
  - Áfengislöggjöfin er hamlandi mínum rekstri.
  - Bann við áfengisauglýsingum.
  - Bann við frjálsum innflutning að utan, eins og kjöti.
  - Búnaðarlög, tollalög, tollavernd, kvótaútboð í landbúnaðarvörum, innflutningshömlur í matvælalögum.
  - Byggingareglugerð, lög um skipulagsvald sveitarfélaga.
  - Ein stærsta samkeppnishindrunin í dag fyrir smærri fyrirtæki snýr að starfsmannahaldi. Fjarvera starfsmanna er alltaf að aukast, orlof lengjast og vinnuvikan styttist. Það ber augaleið að á vinnustað þar sem ein manneskja sinnir fjármálum, önnur stýrir lager og þriðja sér um sölumál, að verkefni og ábyrgð verða ekki auðveldlega flutt á milli starfsmanna eins og í stærri fyrirtækjum og viðbótar ráðningar geta því verið nauðsynlegar með miklum tilkostnaði.
  - Endurskoðun og skattaráðgjöf eru samtvinnuð þó þau ættu að vera aðskilin. Þetta veitir markaðsráðandi, stórum endurskoðunarfyrirtækjum betri aðgang að ráðgjöf. Það er mjög hættulegt að endurskoðun, sem á að gæta þess að allt sé gert rétt hafi hagsmuni af ráðgjöf, sem getur oft verið að ystu mörkum laganna. Hagsmunir hinna stóru hafa ráðið lagasetningunni til þessa. Færa má rök fyrir að hrúnið hafi verið ein afleiðing þessa.
  - Er byggð á persónulegum tengslum og spillingu í opinberum stofnunum.
-

- Erlendir aðilar með gríðarlegt fjármagn eru að koma inn á markaðinn og eru líklegir til að beita predatory pricing til að ná einokunarstöðu hratt á markaðnum.
- Erlendir aðilar sem vilja bjóða þjónustu sína á greiðslumiðlunarmarkaði (bæði kortaútgáfu og færsluhirðingu) fá ekki bankareikninga til að stunda starfsemi sína og þannig halda núverandi aðilar (bankar) samkeppninni frá landinu. Þetta á einnig við um að ekki er enn búið að innleiða SEPA greiðslur (sem er samkeppni við SWIFT greiðslur í eigu banka) sem myndi lækka kostnað við millilandagreiðslur og jafnframt opna fyrir erlenda starfsemi í ýmiss konar fjármálastarfsemi sem lækkar verð með stærðarhagkvæmni.
- Ég er ekki alveg viss hvort þetta sé til staðar eða ekki, þekki ekki dæmi. En samkeppnishamlandi aðstæður hafa viðgengist í langan tíma þannig að mér finnst það líklegt.
- Fiskur á fiskmörkuðum.
- Flestar reglur fiskveiðistjórnunarkerfisins.
- Flutningum. Olíufyrirtækjum. Svo er það þar sem eru reglur og þeim ekki framfylgt. Eins og stærð fyrirtækja í sjávarútvegi.
- Frekar hvernig ríkisstofnanir telja sig undanþegnar reglum um útboð, sjá dæmi Pólstjórnuverkefnið þegar allar A-hluta ríkisstofnanir voru steiptar í eitt Microsoft model og keypt dýrustu leyfi sem í boði eru - fyrir sumar ríkisstofnanir fara um 1% af fjárlögum til þeirra í þennan samning. Þessi aðgerð er klárlega útboðsskyld með lögum frá 2016 en umtalið var að ef Fjársýslan telur sig ekki þurfa að fara eftir þessum lögum þá geta þeir gert það.
- Gamlar reglugerðir sem hamla framförum.
- Háir skattar, hátt tryggingargjald, dýrt að hafa fólk í vinnu, há vsk%, hár fjármagnstekjuskattur, allt þetta hamlar samkeppni. Þetta minnkar líkur á að nýir aðilar leggi í samkeppni við þá fákeppni sem fyrir er á Íslandi og heldur í raun verðlagi/framlegð fyrirtækja uppi frekar en hitt.
- Heildsalar kaupa og selja hvor öðrum til að halda í markaði og viðskiptavini.
- Heimilt er að gera kröfur um lágmarksveltu fyrirtækja í útboðum þó ekki sé sjáanlegur tilgangur með kröfunni hjá útboðshafa nema til að fækka mögulegum bjóðendum. Gott fyrirtæki sem starfað hefur lengi getur stækkað og minnkað sína starfsemi.
- Hægt er að nota opinberar innkaupareglur til að búa til hömlur fyrir smærri fyrirtæki til að bjóða þjónustu sem vissulega er samkeppnishæf. T.d. innkaupastefna að byggja nýjar hugbúnaðarlausnir í stað að nota vörur sem eru á samkeppnismarkaði. Önnur aðferð er t.d. að setja kröfur um þjónustudeildir sem eru aðeins í samræmi við 1-2 aðila á markaði, eða setja staðla fram sem vitað er að eru ekki til staðar nema hjá sömu aðilum og fyrir eru í viðskiptum við opinbera aðila. Það að setja fram svona hluti sem skal í staðinn sem einkunnagjöf fellir út stóran hluta af bjóðendum og hefur þau áhrif að þeir skila ekki tilboðum vitandi að ná ekki í gegnum síuna.
- Illa unnar reglugerðir og lög - þarf stærri áherslu á gagnsæi og vel unnin lög og reglugerðir sem eru endurskoðaðar.
- Innflutningshömlur, t.d. á landbúnað.
- ISO staðlar eru úreltir og af einhverri ástæðu er ómögulegt að fá þeim breytt hjá TR.
- Í sjávarútvegi þá er skortur á hráefni til vinnslu t.d. þar sem útgerðir einangra sitt hráefni til eigin vinnslu.

- Í útboðum í upplýsingatækni eru oft gerðar mjög sértækar kröfur sem eru fáránlegar. T.d. að fyrirtækið þurfi að hafa 7 starfsmenn ekki 5 eða 6, eða að lausnin verði að vera skrifuð í hinu eða þessu. Það er sjaldan auglýst eftir því að við erum hér með vandamál, ert þú með lausn á því? Með nútíma gagnafærni skiptir ekki máli hvernig lausnin er búin til en hins vegar er hægt að gera kröfur um að lausnin skili af sér gögnum á tilteknu formi.
- Kannski ekki lögin sjálf frekar túlkun og viðmið sem Samkeppniseftirlit vinnur með. Það er rangt að ætla að halda íslenskum fyrirtækjum smáum og leyfa þeim ekki að styrkja sig í heimssamkeppninni. Besta dæmið um ruglið í SE er t.d. nýjasta málið með Gunnars majó. Er eiginlega viss um að þegar allt væri saman talið þá væru heildaráhrifin af Samkeppniseftirlitinu eins og það starfar í dag verri en að hafa ekkert eftirlit. Þ.e. of mikið eftirlit er í okkar tilfalli verra en ekkert. Menn verða að kunna sér hóf.
- Kennitölufلاك.
- Klíkustarfsemi.
- Kröfur sem taka lítið tillit til stærðar fyrirtækja og eru því hlutfallslega miklu kostnaðarsamari fyrir minni fyrirtæki.
- Landbúnaðarkerfið og sala mjólkurafurða er samkeppnishamlandi.
- Landið er lítið og hömlur hvað viðkoma afurðastöðvum eru afar óheppilegar fyrir framleiðslu íslenskrar kjötvöru.
- Launakostnaður fyrirtækja í sjávarútvegi sem hafa bæði veiðar og vinnslu er lægri en þeirra sem eru bara í útgerð. Þetta er tryggt með lögum um verðlagsstofu.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki verða að geta sameinast án afskipta til að veita stórum aðilum virka samkeppni. Fáir treysta sér í það ferli sem þarf að eiga sér stað í gegnum SKE.
- Lög í kringum sjávarútveg.
- Lög og reglugerðir á byggingamarkaði. Afgreiðsla tekur of langan tíma í flestum tilvikum.
- Lög og reglugerðir um upprunamerkingar veldur því að (umfram-)gæði minnar vöru skiptir ekki máli þar sem aðrir framleiðendur geta gefið til kynna að þeirra vara sé jafngóð. Umframgæði kosta meira í framleiðslu. Samkeppnin er því orðin ósanngjörn. Lítil framleiðandi á markaði getur ekki kostað til kynningarefni til að segja frá raunverulegum mun á gæðum á vörum frá mismunandi aðilum, einkum þegar stórir innflytjendur hafa bolmagn til jarða okkur innlenda framleiðendur.
- Lög sem koma í veg fyrir að innlendir aðilar geti með fullnægjandi hætti keppt við erlenda aðila sem starfa á innlenda markaðnum vegna þröngrar (rangrar) skilgreiningar SKE á mörkuðum.
- Lög sem lúta að eignarhaldi ríkisins á tilteknum innviðum sem kemur í veg fyrir aðkomu einkaaðila.
- Lög um AML.
- Lög um fjarskipti, lög um fjarskiptastofu, lög um Ríkisútvarpið, lög um fjölmiðlanefnd.
- Lög um fornleifar, forstöðumaður opinberrar stofnunar fer með leyfisveitingar og úthlutun úr samkeppnissjóði.
- Lög um heilbrigðisþjónustu, bann við að auglýsa starfsemi etc.
- Lög um opinber útboð og innkaupareglur stærrí opinberra aðila. Engar hömlur virðist vera á þeim kröfum, girðingum og þröskuldum sem þessir aðilar geta sett inn í útboð sín. Oft er þetta í litlu

samræmi við þá þjónustu/vöru sem á að kaupa. Þeim sem hafa settið að verkefnunum er tryggð áframhaldandi áskrift að þeim og engin leið fyrir aðra/nýja aðila að komast að þeim.

- Lög um ráðstöfun fiskveiðar við Ísland, löggjöf í kringum fiskmarkaði landsins eða skortur á löggjöf/eftirliti sem tryggir jafnan aðgang að auðlindinni.
- Lög, reglugerðir eða bara framkvæmd laga um vsk gera einum aðila kleift að selja vörur innalands og afhenda þær í Leifstöð án þess að skila af þeim virðisaukaskatti. Það veldur hrikalegri samkeppnisskekkju á gleraugnamarkaði.
- Mismunandi hvernig lögum um höfundarétt er beitt á milli landa í EES samningnum þar sem hallar á íslensk fyrirtæki. Íslensk fyrirtæki búa við hærri vsk % hér en á sambærilegum vörum í nágrannaríkjunum en einnig hærri vsk % hér á landi en er á staðkvæmdarvörum hér innanlands.
- Mjög erfitt fyrir minni ft. að fylgja mörgum og flóknum (íþyngjandi) reglum sem um starfsemina gilda. Þurfa í raun að uppfylla sömu skilyrði og tíu sinnum stærri félög sem er mjög kostnaðarsamt fyrir lítil félög.
- Nei varla, en þó tel ég að samkeppnin í outgoing ferðapjónustu á Íslandi sé gríðarlega mikil og ekki bara við önnur fyrirtæki, heldur alla netsölu yfirhöfuð. Enginn getur á nokkurn hátt náð markaðsráðandi stöðu hér á landi í þessu og því samkeppniseftirlit óþarft í þeim efnum.
- Okkur var bannað að hafa samræmda verðskrá.
- Opinberar stofnanir reknar fyrir skattfé t.d. frá fyrirtæki mínu niðurbjóða þjónustu í samkeppni við mig. Ákaflega erfitt er fyrir lítil fjölskyldufyrirtæki að bregðast við slíku.
- Opinbert fyrirtæki starfar á sama markaði og fyrirtæki mitt.
- Óljós lagaumgjörð um eignarhald hins opinbera á fyrirtækjum sem þróast inn á samkeppnismarkaði, eru markaðsráðandi en samt rekin með ósjálfbærum hætti. Dæmi er Sorpa bs.
- Óljós löggjöf varðandi hlutverk opinberra aðila sem bæði eftirlits- og framkvæmdaraðilar til innkaupa og framleiðslu vara.
- Reglur um eigið fé og rekstrarhæfi, bankarnir bakka upp sum fyrirtæki sem uppfylla ekki þessi skilyrði í opinberum útboðum, auk þess er fyrirtækjum mismunað hvað varðar beitingu dagsekta.
- Ríkið ákveður verð og greiðir fyrir.
- Samkeppnislög með sínu skrifræði og tíma eyðileggur og kemur í veg fyrir hagræðinu og minnkar þannig samkeppni og hagræði fyrir neytenda.
- Samkeppnislög, 2005 nr. 44 19. Maí, reglur um tilkynningu samruna.
- Samkeppnislög.
- Samkeppnislög. Reglur ESB.
- Samkeppnislögin eru skýr en hvernig starfsmenn Samkeppniseftirlitsins beita sér við túlkun þeirra er samkeppnishamlandi að mínu mati. Enda er mannfólk ekki skynsemisverur og persónulegar skoðanir villa mönnum oft sýn. Ef borin eru saman samkeppnislög milli landa er framkvæmd þeirra með strangari hætti á Íslandi sem ég held að leiði stundum til þessi að samkeppnislög leiði af sér fákeppni. en þetta eru mannanna verk og spurning hvort starfsmenn Samkeppniseftirlits séu farnir að líta á starf og skoðanir sínar sem eign í stað þess að þróast til samræmis við nágrannalöndin.
- Samning um landbúnaðarvörur.
- Samrunar og yfirtökur taka langan tíma í meðferð SKE og skilyrði laga eru of þröng.

- Samruni, sameining lítilla fyrirtækja er orðið vandamál vegna stíðbusaháttar risaeðlunnar sem kallast Samskeppninsstofnun. Og eðlilegar kvartanir/kærur er litið fram hjá vegna forgangsmála sem stofnunin hefur valið sér.
- Samruni fyrirtækja sem eru með sterka stöðu vörumerkja á okkar litla landi og aðgang að markaði (t.d. verslanir). Dæmi Hagar, Bónus, Útilíf, Ellingsen, öll þessi fyrirtæki fengið svokallaða fjárfesta til að styrkja sig t.d. sjóði á vegum ríkisins, styrktarsjóðir o.fl.
- Sem fjalla um ólöglegt verðsamráð.
- Skil ekki þessa spurningu.
- Skilgreining markaðssvæða oft mjög þröng hjá eftirlitinu. T.d. horft á hluta hverfis sem markaðssvæði. Frægt dæmi er þegar Festi lokar Krónunni í Nóatúni og opnar svo fljótlega í Borgartúni. Stundum hefur maður á tilfinningunni að erlend fordæmi séu færð yfir á mun minna markaðssvæði sem Ísland er án þess að það sé horft til smæðar markaðar.
- Skortur á lögum og reglugerðum varðandi ákvörðun heildsöluverðs á fjarskiptamarkaði gerir litlum eða nýjum fyrirtækjum ómögulegt að keppa á jafnréttisgrundvelli. Ef ég vitna í [REDACTED] lögfræðing hjá Fjarskiptastofu: Þá er ekki jafnréttiskvöð í gildi en stjórnslusvið ætlar að taka það til umræðu.
- Starfa á sviði heilbrigðisþjónustu. Ríkið hefur algeran forgang. Sjúkratryggingar hafa ekki fengið að semja við einkafyrirtæki um heilbrigðisþjónustu, t.d. um liðskiptiaðgerðir.
- Sterk fyrirtæki sem geta keyrt verð niður s.s. hótelleðjur sem einkarekið fyrirtæki getur ekki leyft sér.
- Stóru fyrirtækin geta stjórnað verðum.
- Strangar kröfur um stofnun og rekstur félags á okkar markaði.
- Styrkir hins opinbera og ÍSÍ og ípróttalög sem gera ekki ráð fyrir ípróttafélögum utan ÍSÍ.
- T.d. er ekki hægt að hagræða í rekstri sláturhúsa á landinu, alltof mörg hús í rekstri með miklum tilkostnaði sem leiðir til mikils kostnaðar. Bóndinn fær minna fyrir sitt og varan verður dýrari úti í búð.
- T.d. að bensínstöðvar N1 megi selja veitingar og matvöru. Á sama bletti er Krónan, sömu eigendur, þ.e. lífeyrissjóðirnir, sem að eru stærstu eigendur í öllum stærstu fyrirtækjunum á Íslandi. Við hin sem að rekum okkar fyrirtæki í samkeppni við lífeyrissjóðina, þurfum síðan að greiða 11,5% í mótframlag til þeirra af hverjum launþega, þetta er eins og mafía, sem að ræður öllu á markaðinum. Þeir eru líka stærstu áhrifavaldarnir innan SA og SAF, er ekki skakkt gefið og eitthvað gruggugt við þetta, hvað er Samkeppniseftirlitið að gera varðandi þessi mál?
- T.d. að það megi ekki auglýsa þá þjónustu sem við bjóðum upp á í heilbrigðisgeiranum.
- T.d. lyfjaverðlagslög, skylda til að selja lyf á ákv. verði sem gefið er út tvisvar í mánuði. Skylda til að hækka eða lækka verð sama hvert innkaupsverð þitt var þegar lyfið var keypt inn.
- T.d. reglur um mönnun lyfjabúða sem auðveldar lyfjakeðjum í krafti stærðar sinnar að besta mönnun á starfsstöðvum sínum og lækka kostnað meðan einyrkjar geta illa mætt slíkum kröfum.
- Takmarkanir á innflutningi landbúnaðarvara.
- Takmarkanir á leyfilegum auglýsingum.
- Takmörkun á bónusgreiðslum skv. lögum um fjármálafyrirtæki er samkeppnishamlandi, þar sem minni fyrirtækin geta ekki keppt við þau stærri í föstum launum, en gætu bætt stöðu sína með bónusgreiðslum ef ekki væri fyrir takmarkandi ákvæði í lögum.




- Takmörkun á gistileyfum.
- Tilboð og síðan boð um að lækka verð.
- Tollar á innfluttar landbúnaðarafurðir.
- Tollar, landbúnaður, byggingareglugerðir og skipulagsmál í Reykjavík.
- Undirboð sjást stundum frá fyrirtækjum sem skipta oft um kennitölu eða þurfa að halda uppi veltu í aumum rekstri.
- Útgerðir selja afla til eigin vinnslu eða tengdra aðila á undirverði.
- Varðar reglur um lágmarks veltu fyrirtækja í útboðum t.d. fyrir lítil verk sem smá fyrirtæki gætu hæglega sinnt en geta ekki boðið í.
- Vegagerðin býður út í svo stórum einingum að aðeins hefur markaðsráðandi fyrirtæki [REDACTED] haft möguleika á að bjóða í hjá þeim. Getur þar af leiðandi boðið lág verð í minni einingar hjá sveitafélögum, aðeins eitt fyrirtæki annað á þessum markaði. [REDACTED]
- Verðlagseftirlit hjá úrskurðarnefnd LMFÍ.
- Verkkaupar eins og t.d. Vegagerðin hafa sett hæfniskröfur sem hefur gert nýjum aðilum erfitt fyrir og kannski valdið því að mjög fáir aðilar eiga möguleika að keppa um verk. Til að tryggja nýliðun verða menn að geta byrjað.
- Verslunarkerðjurnar eru of stórar og enginn möguleiki á samkeppni.
- Verndartollar á landbúnaðarafurðir.
- Virðisaukaskattslög um ferðapjónustu, ferðamaður sem ferðast með rútu borgar engan virðisaukaskatt, en ef hann leigir bíl þá greiðir hann 24%. Einnig varðandi vörugjöld/tolla af bílum sem rútur og leigubílstjórar njóta undanþágu af vegna atvinnutækja, en bílaleigubíll telst einhverra hluta vegna ekki sem atvinnutæki.
- Yfirdrífur kröfur um meðferð matvæla. Ég tel að gera ætti framleiðendum/bændum kleift að fullvinna sína vöru umfram það sem nú tíðkast. Niðurgreiðslur/kvótar á kjöt- og mjólkurframleiðendur eru sérlega óheppilegir í ljósi samkeppni við grænmetisbændur og framleiðendur annarra matvæla.
- Ýmsar reglur varðandi opinbera eftirlitsaðila.
- Ýmsar reglur sem landlæknir hefur sett sér varðandi nýjan hugbúnað á markað og eiga ekki lagastoð. Ný fyrirtæki eiga erfitt uppdráttar og Origo situr í markaðsráðandi stöðu. Útboðsreglur er varða nýsköpun og þróun eru heftandi og ekki í takt við það þróunarsamstarf sem þarf að fara fram í nýsköpun.
- Það er í raun skortur á regluverki þar sem yfirvöld hafa ekki sett viðmið fyrir úttektartíma í úttektum á jafnlaunakerfum. BSI hafði markaðsráðandi stöðu þegar jafnlaunavottun var lögfest og vottunarstofan var í raun ekki að votta heldur skoða jafnlaunakerfi og við sem komum inn ný gátum illa fótað okkur á þessum markaði.
- Það er nú aðallega eins og alltaf á Íslandi að stærstu aðilarnir á markaði verða bara stærri og stærri vegna þess að Samkeppniseftirlitið sinnir ekki sinni skyldu. Hef sent inn erindi nafnlaust en það gerir enginn neitt hjá þeim. Eflaust einhver þar sem er skyldur einhverju eða fer í hvataferðir, t.d. veiðiferðir



með þessum stóru. Gott dæmi eru bankar sem eru farnir aftur að bjóða svona veiðiferðir fyrir sína viðskiptavinum (fá þær fríar en eru auðvitað skattskyld hlunnindi).

- Það er ný evrópureglugerð um lækningatæki sem er svo hamlandi að afar erfitt verður fyrir ný fyrirtæki að markaðssetja lækningatæki á EES svæðinu. Ennfremur munu lækningatæki sem aðeins gagnast litlum hópi sjúklinga ekki verða í boði á evrópumarkaði.
- Það eru miklar aðgangshindranir í fjármálaþjónustu. Margt krefst starfsleyfis. Að lágmarki væri hægt að laga svör fjármálaeftirlits Seðlabankans til nýrra fyrirtækja á þessu sviði, þannig að hann sé tilbúinn fyrirfram að taka af öll tvímæli um hvað megi gera og hvað ekki (án starfsleyfis eða miðað við ákveðið starfsleyfi) og gefa út bréf þar að lútandi þannig að fyrirtækin geti haldið áfram með áform sín, hafið markaðssókn, fjárfest og fengið fjárfesta. Svipuð vandamál eru með skattinn. Ný fyrirtæki lenda í vandræðum með óljósa túlkun laga og skatturinn skammtar bindandi álit, sem eru oft nauðsynleg til þess að geta farið af stað með nýjan rekstur og undirbúning fyrir hann.
- Það eru of ríkar kröfur lagðar á stærri fyrirtæki á markaði í verðlagningu sem leyfir sumum aðilum að haga sér sem sjóræningjar á markaðinum. Ennfremur er Samkeppniseftirlitið að oftúlka samkeppnislög sér í hag að er virðist til að halda stofnuninni gangandi. Almennt er talað um meðal stjórnenda að Samkeppniseftirlitið á Íslandi sé alræmt í Evrópu fyrir hvað það gengur hart fram.
- Það vantar meira eftirlit, sérstaklega yfir söluaðila byggingarverktaka. Of mikið um verðlagssamráð. Og allir vita hvernig bankar starfa.
- Það þarf að setja lög um að allur fiskur fari á markað svo að eðlilegt verð bjóðist einnig Íslendingum en ekki flutt úr landi.
- Þar sem ekki er gert ráð fyrir einkaaðilum/fyrirtækjum heldur eingöngu opinberum aðilum.
- Þau eru of flókin, og greinilega hægt að fara í kringum þau.
- Þau ferðaþjónustufyrirtæki sem þurfa ferðaskrifstofuleyfi eru mjög ólík að stærð. Engu að síður eru svipaðar kröfur gerðar um gögn sem skila þarf inn til Ferðamálastofu á hverju ári.
- Þekki þetta best er varðar samruna fyrirtækja.
- Öll lög sem hamla eða setja takmarkanir á nýja aðila inn á viðkomandi markað sem og aðstöðuskortur. Aðstöðuskortur getur verið að nýr aðili geti ekki opnað bensínstöð þar sem það er ekki í skipulagi.

**Tafla 65. Að hversu miklu eða litlu leyti skynjar þú að til staðar séu aðgerðir opinberra aðila sem takmarka samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem fyrirtæki þitt starfar á?**



**Tafla 66. Að hversu miklu eða litlu leyti skynjar þú að til staðar séu aðgerðir opinberra aðila sem takmarka samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem fyrirtæki þitt starfar á? – Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Að mjög miklu leyti	Að frekar miklu leyti	Að nokkru leyti	Að frekar litlu leyti	Að mjög litlu eða engu leyti
<b>Alls</b>	1471	5,7%	6,9%	18,1%	28,1%	41,2%
<b>ÍSAT bákur*</b>						
A Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	86	9,3%	4,7%	17,4%	<b>22,1%</b>	46,5%
C Framleiðsla	104	2,9%	6,7%	16,3%	26,9%	47,1%
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	281	4,3%	3,6%	24,6%	28,1%	39,5%
G Heild- og smásöluverslun, viðg. á vélkn. ökut.	215	3,3%	5,6%	15,3%	28,4%	47,4%
H Flutningur og geymsla	48	4,2%	<b>18,8%</b>	16,7%	31,3%	<b>29,2%</b>
I Rekstur gististaða og veitingarekstur	103	7,8%	4,9%	17,5%	27,2%	42,7%
J Upplýsingar og fjarskipti	94	11,7%	5,3%	14,9%	35,1%	33,0%
K Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	36	5,6%	16,7%	<b>25,0%</b>	22,2%	30,6%
L Fasteignaviðskipti	75	5,3%	6,7%	16,0%	<b>37,3%</b>	34,7%
M Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	181	6,6%	8,3%	17,1%	28,2%	39,8%
N Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	95	7,4%	13,7%	18,9%	25,3%	34,7%
Q Heilbrigðis- og félagsþjónusta	46	8,7%	6,5%	<b>13,0%</b>	26,1%	45,7%
S Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	42	4,8%	<b>0,0%</b>	16,7%	28,6%	<b>50,0%</b>
Önnur starfsemi	65	4,6%	9,2%	13,8%	24,6%	47,7%
<b>Velta</b>						
Innan við 10 m.kr.	260	5,8%	9,6%	15,4%	24,2%	45,0%
10-20 m.kr.	244	5,7%	5,3%	16,8%	29,5%	42,6%
20-50 m.kr.	352	6,0%	7,1%	19,3%	28,1%	39,5%
50-100 m.kr.	218	5,0%	5,0%	20,2%	27,1%	42,7%
100-500 m.kr.	277	5,4%	7,6%	16,2%	31,4%	39,4%
Yfir 500 m.kr.	122	6,6%	5,7%	23,8%	27,0%	36,9%
<b>Heildarfjöldi starfsmanna</b>						
1 starfsmaður	307	2,9%	6,2%	15,0%	30,6%	45,3%
2-5 starfsmenn	552	7,2%	6,2%	17,6%	29,9%	39,1%
6-9 starfsmenn	139	4,3%	5,8%	16,5%	30,2%	43,2%
10-49 starfsmenn	200	6,5%	9,5%	17,5%	25,5%	41,0%
50 starfsmenn eða fleiri	55	5,5%	12,7%	29,1%	23,6%	29,1%
<b>Staða innan fyrirtækis</b>						
Forstjóri/Eigandi	321	8,1%	5,9%	18,7%	24,0%	43,3%
Framkvæmdastjóri	689	5,4%	8,1%	17,3%	30,2%	39,0%
Fjármálastjóri	105	5,7%	5,7%	19,0%	29,5%	40,0%
Millistjórnandi	44	6,8%	2,3%	13,6%	34,1%	43,2%
Önnur staða	63	3,2%	6,3%	14,3%	28,6%	47,6%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 67. Að hversu miklu eða litlu leyti skynjar þú að til staðar séu aðgerðir opinberra aðila sem takmarka samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem fyrirtæki þitt starfar á? – Bakgrunnsgreining (frh.)**

	Fjöldi	Að mjög miklu leyti	Að frekar miklu leyti	Að nokkru leyti	Að frekar litlu leyti	Að mjög litlu eða engu leyti
<b>Alls</b>	1471	5,7%	6,9%	18,1%	28,1%	41,2%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samráð um samkeppnishamlandi aðgerðir?***</b>						
Að mjög miklu leyti	85	27,1%	12,9%	12,9%	12,9%	34,1%
Að frekar miklu leyti	104	11,5%	25,0%	21,2%	22,1%	20,2%
Að nokkru leyti	244	2,9%	10,2%	32,0%	32,0%	23,0%
Að frekar litlu leyti	342	2,9%	3,8%	20,8%	43,9%	28,7%
Að mjög litlu eða engu leyti	673	4,2%	3,7%	12,2%	21,5%	58,4%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú að markaðsráðandi aðili misnoti stöðu sína?***</b>						
Að mjög miklu leyti	118	24,6%	11,9%	10,2%	14,4%	39,0%
Að frekar miklu leyti	100	8,0%	19,0%	17,0%	31,0%	25,0%
Að nokkru leyti	277	4,7%	7,9%	27,8%	32,9%	26,7%
Að frekar litlu leyti	347	3,2%	5,5%	23,6%	40,6%	27,1%
Að mjög litlu eða engu leyti	595	3,2%	4,2%	11,3%	21,0%	60,3%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samkeppnishamlandi lög/reglur á þínum markaði?***</b>						
Að mjög/frekar miklu leyti	117	28,2%	24,8%	21,4%	12,8%	12,8%
Að nokkru leyti	255	7,5%	10,2%	43,5%	24,3%	14,5%
Að frekar litlu leyti	464	2,4%	6,0%	15,1%	54,7%	21,8%
Að mjög litlu eða engu leyti	578	2,6%	2,8%	7,4%	11,8%	75,4%
<b>Hversu oft fallið frá áformum um samruna vegna óvissu um samþykki Samkeppniseftirlits?^</b>						
Aldrei/Veit ekki	60	6,7%	8,3%	21,7%	26,7%	36,7%
Einu sinni eða oftar	19	26,3%	21,1%	31,6%	10,5%	10,5%
<b>Hversu oft hefur 10. grein haft áhrif á ákvarðanatöku í tengslum við samstarf?^</b>						
Aldrei	1306	5,5%	6,7%	16,8%	28,6%	42,3%
Einu sinni eða oftar	28	21,4%	7,1%	25,0%	35,7%	10,7%
Veit ekki	51	2,0%	5,9%	23,5%	25,5%	43,1%
<b>Hversu oft hefur fyrirtæki hætt við eða breytt hegðun vegna 11. greinar?^</b>						
Aldrei	1265	5,2%	6,2%	17,0%	29,2%	42,5%
Einu sinni eða oftar	57	17,5%	14,0%	21,1%	17,5%	29,8%
Veit ekki	43	4,7%	11,6%	18,6%	27,9%	37,2%
<b>Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag?***</b>						
Já	116	13,8%	12,9%	19,0%	23,3%	31,0%
Nei/Veit ekki	1152	5,2%	6,2%	17,3%	29,3%	42,1%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

**Tafla 68. Getur þú lýst því stuttlega hvers konar aðgerðir opinberra aðila það eru sem þú telur takmarka samkeppni?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Já	197	63,1%	5,3%		63,1%
Nei	116	36,9%	5,3%		36,9%
Alls	313	100,0%		0%	100%
Fjöldi svarenda	313	16,3%			
Vil ekki svara	139	7,2%			
Á ekki við	1463	76,4%			
Heildarfjöldi	1914	100,0%			

Aðeins þeir sem skynjuðu að til staðar séu aðgerðir sem takmarka samkeppni á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á að mjög miklu, frekar miklu eða nokkru leyti (skv. fyrri spurningu) fengu þessa spurningu.

**Tafla 69. Getur þú lýst því stuttlega hvers konar aðgerðir opinberra aðila það eru sem þú telur takmarka samkeppni? – Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Já	Nei
<b>Alls</b>	313	63,1%	36,9%
<b>ÍSAT bálkur*</b>			
A Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	17	47,1%	52,9%
C Framleiðsla	18	50,0%	50,0%
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	61	50,8%	49,2%
G Heild- og smásöluverslun, viðg. á vélkn. ökut.	30	56,7%	43,3%
H Flutningur og geymsla	10	80,0%	20,0%
I Rekstur gististaða og veitingarekstur	22	68,2%	31,8%
J Upplýsingar og fjarskipti	24	70,8%	29,2%
K Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	12	<b>91,7%</b>	<b>8,3%</b>
L Fasteignaviðskipti	15	73,3%	26,7%
M Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	45	73,3%	26,7%
N Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	28	67,9%	32,1%
Q Heilbrigðis- og félagsþjónusta	9	66,7%	33,3%
S Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	6	<b>16,7%</b>	<b>83,3%</b>
Önnur starfsemi	15	73,3%	26,7%
<b>Velta</b>			
Innan við 10 m.kr.	53	67,9%	32,1%
10-20 m.kr.	50	64,0%	36,0%
20-50 m.kr.	78	53,8%	46,2%
50-100 m.kr.	44	65,9%	34,1%
100-500 m.kr.	58	63,8%	36,2%
Yfir 500 m.kr.	29	72,4%	27,6%
<b>Heildarfjöldi starfsmanna</b>			
1 starfsmaður	58	60,3%	39,7%
2-5 starfsmenn	114	63,2%	36,8%
6-9 starfsmenn	28	67,9%	32,1%
10-49 starfsmenn	51	68,6%	31,4%
50 starfsmenn eða fleiri	19	84,2%	15,8%
<b>Staða innan fyrirtækis<sup>^</sup></b>			
Forstjóri/Eigandi	77	74,0%	26,0%
Framkvæmdastjóri	148	65,5%	34,5%
Fjármálastjóri	20	45,0%	55,0%
Millistjórnandi	7	14,3%	85,7%
Önnur staða	15	86,7%	13,3%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

**Tafla 70. Getur þú lýst því stuttlega hvers konar aðgerðir opinberra aðila það eru sem þú telur takmarka samkeppni? – Bakgrunnsgreining (frh.)**

	Fjöldi	Já	Nei
<b>Alls</b>	313	63,1%	36,9%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samráð um samkeppnishamlandi aðgerðir?*</b>			
Að mjög miklu leyti	31	<b>83,9%</b>	<b>16,1%</b>
Að frekar miklu leyti	46	69,6%	30,4%
Að nokkru leyti	67	59,7%	40,3%
Að frekar líttu leyti	65	<b>49,2%</b>	<b>50,8%</b>
Að mjög líttu eða engu leyti	96	66,7%	33,3%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú að markaðsráðandi aðili misnoti stöðu sína?</b>			
Að mjög miklu leyti	44	75,0%	25,0%
Að frekar miklu leyti	37	64,9%	35,1%
Að nokkru leyti	64	60,9%	39,1%
Að frekar líttu leyti	77	58,4%	41,6%
Að mjög líttu eða engu leyti	79	64,6%	35,4%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samkeppnishamlandi lög/reglur á þínum markaði?</b>			
Að mjög/frekar miklu leyti	63	63,5%	36,5%
Að nokkru leyti	100	58,0%	42,0%
Að frekar líttu leyti	77	70,1%	29,9%
Að mjög líttu eða engu leyti	55	69,1%	30,9%
<b>Hversu oft fallið frá áformum um samruna vegna óvissu um samþykki Samkeppniseftirlits?^</b>			
Aldrei/Veit ekki	17	70,6%	29,4%
Einu sinni eða oftar	13	69,2%	30,8%
<b>Hversu oft hefur 10. grein haft áhrif á ákvarðanatöku í tengslum við samstarf?^</b>			
Aldrei	271	64,6%	35,4%
Einu sinni eða oftar	9	66,7%	33,3%
Veit ekki	10	70,0%	30,0%
<b>Hversu oft hefur fyrirtæki hætt við eða breytt hegðun vegna 11. greinar?</b>			
Aldrei	256	65,2%	34,8%
Einu sinni eða oftar	21	57,1%	42,9%
Veit ekki	9	100,0%	0,0%
<b>Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag?*</b>			
Já	42	<b>85,7%</b>	<b>14,3%</b>
Nei/Veit ekki	229	<b>62,0%</b>	<b>38,0%</b>

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktectarprófs.

---

### Tafla 71. Getur þú lýst því stuttlega hvers konar aðgerðir opinberra aðila það eru sem þú telur takmarka samkeppni? – Opin svör

Þeir svarendur sem sögðust geta lýst því stuttlega hvers konar aðgerðir opinberra aðila það eru sem þeir telja takmarka samkeppni svöruðu þessari spurningu. Þess skal getið að þessi opnu svör endurspeglar raunfjölda svarenda, ekki vigtaðan fjölda svarenda.

- 1) Takmarka mjög aðgengi smærri fyrirtækja að kaupum á ráðgjöf (litlir óþekktir aðilar hafa mjög litla möguleika til að komast í verkefni á vegum hins opinbera - fá ekki tækifæri til að kynna sig) og kennslu í verktakavinnu (HÍ ræður ekki stundakennara sem verktaka jafnvel þó að slíkt gæti breikkað tekjugarðvöll smærri fyrirtækja). 2) Íþyngjandi regluverk sem bitnar harðar á smærri fyrirtækjum vegna kostnaðar sem það m.a. veldur. 3) Ofurskattlagning/gjaldtaka við atvinnurekstur. 4) Mismunur í boði stjórnvalda með niðurgreiðslum t.d. varðandi landbúnaðarkerfi, listgreinar og fjölmiðla. 5) Umsvif ríkisins varðandi ýmis verkefni sem einyrkjar og smærri og stærri fyrirtæki geta sinnt mun betur.
- 90 daga regla stjórnvalda það að leyfa aðilum að selja gistingu og þjónustu eftirlitslaust er ömurleg samkeppni fyrir fyrirtæki sem selja sömu þjónustu.
- Að benda þeirra stofnun að kaupa bara frá 1 fyrirtæki sem er með Ríkiskaup samningur og ekki aðrir.
- Að ekki sé gerður greinamunur á milli lítilla, meðal og stórra fyrirtækja á skattlagningu.
- Að horfa á Ísland sem afmarkaðan markað er glórulaust í opnu hagkerfi.
- Að loka krám á meðan veitingastaðir eru opnir.
- Aðgengi að gögnum/upplýsingum sem aflað er með skattfé er takmarkað.
- Aðgerðaleysi stjórnvalda. Flugvellir eru flestir útbúnir með flugbrautum og húsnæði til að afgreiða farþega, nema Reykjavíkflugvöllur. Þar hafa 3 flugfélög komið sér fyrir en tvö þeirra hafa með sér samráð (Norlandair, Icelandair) um að nota aðstöðu þess síðarnefnda til farþega afgreiðslu. Ef nýr aðili vildi bjóða upp á flug í samkeppni við þá fákeppni sem nú er í gangi (félögin skipta bróðurlega með sér markaðum) þá er engin aðstaða á Reykjavíkflugvelli til farþega afgreiðslu. Það er því hagur þeirra sem sitja að kökunni að hreyfa sem minnst við því fyrirkomulagi.
- Aðgerðarleysi og seinangangur í fjárfrekum framkvæmdum sem kalla á aðkomu opinberra aðila sem gera smærri aðilum erfitt að koma málum í framkvæmd (aðgangshindranir inn á markaði af völdum aðgerðarleysis opinberra aðila).
- Aðgerðarleysi opinberra aðila, tollgæslu og Samkeppniseftirlits vegna gleraugnaafhendinga Optical Studio í Leifsstöð hefur skaðað aðrar gleraugnaverslanir í 20 ár.
- Aðgerðarleysi, eða skortur á upplýsingum eða aðstoð væri meira lýsandi orð. Ég sendi inn þó nokkra tölvupósta og fyrirspurnir á bæði Samkeppniseftirlit og Fjarskiptastofu varðandi lög og reglugerðir sem snúa að kvöðum varðandi heildsöluverð á fjarskiptamarkaði, en fékk aldrei svör. Án svara eða aðstoðar, hafa lítil fyrirtæki lítið negotiating power gagnvart þeim fáu sem eiga dreifikerfi á Íslandi og sérstaklega ef litlar eða engar kvaðir eru í gildi.
- Aðkoma opinberra eftirlitsaðila að rekstrarheimildum.
- Alls konar stofnanir settar á laggirnar sem illa/slapplega sinna hlutverki sínu en geta virkað samt samkeppnishamlandi fyrir lítil einkafyrirtæki. Opinbera bróltið getur hrakið öflug einkafyrirtæki úr viðskiptum. Vanhæfnin og meðalmennskan tekur við. Ákaflega lítil meðvitund er um svona almennt



í íslensku samfélagi. Óttalega lítill áhugi er á samkeppnisumhverfi smárra fyrirtæki hér á landi. Og lítið breytist nú með ykkar könnun held ég nú.

- Alls staðar þar sem kvóti er settur.
- Allur opinber rekstur í samkeppnisumhverfi.
- Annarlegar kröfur og skilmálar í útboðum hjá Ríkiskaupum, sem er notað til að fá fyrirtæki sitji að því opinbera og þau verðleggja sérlega í þeim tilgangi.
- Auglýsingabann.
- Auglýsingar voru ekki leyfðar í mínu fagi þegar ég var að byggja upp minn praxis en þær hafa verið rýmkaðar.
- Á köflum mjög undarlegar hæfiskröfur í útboðsverkum.
- Áfengiseinkasala.
- Ákvörðun opinberra aðila að hafa fast tímagjald fyrir unnið verk t.d. sýslumannsembætti.
- ÁTVR, einkasala í eigu ríkisins, hyglir tveimur stærstu framleiðendum á drykkjarvöru innanlands með því að binda innkaup við hefð og sölu fyrri ára, þannig að nýir aðilar eiga ekki möguleika á að eflast á markaði. Nýjar vörur frá téðum risafyrirtækjum njóta einnig alltaf greiðari fyrirgreiðslu en litlir framleiðendur, í krafti vörumerkja sem hafa vaxið og dafnað í skjóli fákeppni.
- Bann við áfengisauglýsingum.
- Banna samruna o.s.frv.
- Beina viðskiptum til ákveðinna aðila.
- Beinir samningar við verktaka án útboðs eða rammasamninga, mjög mikil samráð milli opinberra stjórnanda og verktaka held að þetta sé að lagast samt.
- Binda verkþætti útboða saman þannig að það sé á færi færri aðila að bjóða í verkefnin. Kröfur um úreld tæki sem þurfa að vera í eigu félags sem eru síðan ekki notuð við verkefnin en einungis sett inn til að geta valið sér verktaka.
- Bílastæðagjöld.
- Byggðastofnun hefur lánað fyrirtækjum sem við keppum á móti og við vitum að þau borga ekki af lánnum, Byggðastofnun er versti óvinur landsbyggðarinnar.
- Bæði Reykjavíkurborg og ríkið hafa gert rammasamninga við verktaka í þýðingum og túlkun sem vara oftast 3-4 ár og útiloka aðra frá markaðnum á meðan. Vegna áherslna þessara samninga (t.d. bjóðendur þurfa helst að geta boðið sem flesta túlka og tungumál) er mjög erfitt fyrir smærri fyrirtæki/einstaklinga að taka þátt. Þetta hyglir fyrirtæki umfram aðra, bætir við flækjustig og útkoman er margfalt hærri kostnaður.
- Dæmi eru um að sérreglur sveitarfélaga um byggðakvóta hafa valdið því að ákveðnum fyrirtækjum sé veittur aðgangur umfram önnur án viðeigandi rökstuðnings.
- Dæmi: Reynslan segir að starfsmaður hins opinbera (ríkis og bæja) er mjög líklegur til að velja þjónustu samkeppnisaðila vegna tengsla í stað fagmennsku. T.d. er aðaleigandi stærsta samkeppnisaðilans bæði varaþingmaður og borgarfulltrúi. Stór verkefni sem eiga samkvæmt lögum að fara í útboð eru smættuð niður í fleiri lítil verkefni sem samkvæmt lögum þurfa ekki að fara í útboð.
- Eftirlitsiðnaðurinn.

- Einkaaðilar semja útboðsskilmála með opinberum aðila og fá svo verkið, hafa mikla aðkomu að undirbúningi þess, skilmálar settir í útboð bersýnilega til að tilteknir aðilar hafi forskot í útboði.
- Einkasólusamningar fyrir útboð.
- Einkavinavæðing, seta óhæfra embættismanna í starfi sem misbeita sér gagnvart sumum aðilum í atvinnurekstri.
- Eins og áður hefur komið fram, þá fara verkefni ekki í útboð þótt þó séu yfir mörkum. Þess í stað fara þau til þess aðila sem hefur einokunarstöðu á sjúkraskrárkerfi hins opinbera. Eðlilegra væri að slíkt kerfi væri opnara svo hægt væri að bjóða út viðbætur við það.
- Embætti landlæknis hefur ekki boðið út verkefni tengd þróun rafrænna sjúkraskrárkerfa síðastliðinn áratug og hefur gert samninga við eitt fyrirtæki, Origo, og greitt fyrir það milljarða króna sem á sama tíma eignast öll hugverkaréttindum á þeim lausnum sem þróaðar eru, eignarhald Origo á höfundarrétti frumkóðans tryggir að ekki er hægt að færa þróunina til annarra aðila. Jafnframt hefur embætti landlæknis staðið að því að færa markaðsráðandi stöðu Origo yfir á nýja markaði heilbrigðislausna, með Heklu (markaður fyrir samskiptalausnir með heilbrigðisgögn), Heilsuveru (markaður fyrir sjúklingaportal), fjarviðtalslausnir (markaður fyrir fjarheilbrigðislausnir) auk annara lausna. Þá eru lausnir þróaðar fyrir opinbert fé, í eigu Origo og boðnar á almennum markaði á undirverði í samkeppni við önnur fyrirtæki sem þurfa að fjármagna sína þróun með tekjum af sölu.
- Embætti sem í mörgum tilfellum eru ekki nógu vel mönnuð aðilum sem bera skynbragð á verkefnum.
- Endurtek fyrri svar. Lög um opinber útboð og innkaupareglur stærri opinberra aðila. Engar hömlur virðist vera á þeim kröfum, girðingum og þröskuldum sem þessir aðilar geta sett inn í útboð sín. Oft er þetta í litlu samræmi við þá þjónustu/vöru sem á að kaupa. Þeir sem hafa setið að verkefnum er tryggð áframhaldandi áskrift að þeim og engin leið fyrir aðra/nýja aðila að komast að þeim. Sem dæmi um svona kröfu er að öll eldri verkreynsla en 10 ára sé ógild, þ.e. gleymd og grafin. Þetta er eins og að meta starfsreynslu starfsmanna einungis 10 ár aftur í tímann, öll eldri reynsla er fyrnd.
- Erum að tala um byggingargeirann. Furðulegt úthlutunarfyrirkomulag lóða og afgreiðslu erinda allt eftir því hver þekkir hvern eða réttara sagt hver er í náðinni hjá Reykjavíkurborg eða ekki er dæmigert atriði sem takmarkar samkeppni á byggingarmarkaði og hækkar vöRÚVerð.
- Ég tel að erfitt sé að hamla samkeppni á svo fámennum markaði sem Ísland er. Fákeppni er og verður meira og minna ríkjandi. Samkeppni kemur erlendis frá meira og minna.
- Farice er ehf. í eigu ríkisins sem mismunar þeim sem reyna að kaupa tengingar um sæstrengi sem reknir eru af Farice sem eru allar internetgáttir til og frá Íslandi. Þetta er gert með vísvitandi ólögmati ríkisaðstoð með niðurgreiðslur ríkisins og tvöfaldri gjaldskrá. Data center verð svo hærri gjaldskrá til íslenskra fjarskiptafélaga!!!
- Fiskveiðikerfið þar sem smábátar eru útilokaðir með íþyngjandi reglum og lögum sem eru sett til að þeir séu ekki fyrir fyrir í kerfinu þar sem öðrum er ætlað að hafa forgang.
- Fjársýslan.
- Fjöldi starfsmanna opinberra stofnana og viljaleysi til að útvísta starfsemi, t.d. hönnun.
- Flókið mál og þó ekki. Samkeppni er við hið opinbera sem í orði vill samkeppni, en gín síðan í krafti stærðar sinnar yfir markaði. Ekki ósvipað og RÚV gagnvart einkareknum fjölmiðlum. Stofnanir ríkisins hafa markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitið getur ekkert gert í því.

- Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands mótar algerlega verðlagningu tannlækningu í landinu og hamlar þar með samkeppni.
- Hamla innflutning á mjólkurvörum, kjúklingi, eggjum, nautakjöti, svínakjöti og ostum.
- Hamlandi lög og reglur um byggingaframkvæmdir, kostnaðarsamar kröfur, flækjustig.
- Hátt eigið fé.
- Háttsemi opinberra aðila sem er til þess fallin að koma í veg fyrir samkeppni.
- Heimild opinberra aðila að starfa á samkeppnismarkaði.
- Held að Samkeppniseftirlitið sjálft sé vandamálið og stjórnun þess og stjórnun sé ábótavant og háð geðþóttaákvörðunum og pólitík.
- Hið opinbera setur lög um hámarks eignarhlut á aflaheimildum, en á einhvern ótrúlegan hátt, þá þora menn ekki að skilgreina Samherja og Síldarvinnsluna sem tengda aðila - þrátt fyrir að allir vel gefandi menn sjá að svo sé.
- Hvert þeir beina viðskiptum, einkum auglýsingasölu.
- Hygla vinum og vandamönnum.
- Innan hússpróun á eigin hugbúnaði í skjóli rammisamnings frekar en að leita lausna sem þegar eru til á markaði.
- Innflutningskvótar. Reglur um sérmerkingar afurða og ýmiss konar leyfi sem eru hamlandi og ónauðsynleg.
- Innflutningur á hráskinku, spægipyllum t.d. frá Ítalíu/Síkiley reyndar eitthvað að róast á þeim hömlum.
- Innkaupasamningar hins opinbera fela oft á tíðum í sér samkeppnishamlandi skilyrði sem hygla stærri fyrirtækjum á kostnað þeirra minni. Má í því sambandi nefna rakalausar kröfur um vottuð gæðastjórnunarkerfi sem eru kostnaðarsöm og tímafrek í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- Innviðaráðuneytið takmarkar veitingu viðurkenningar til ytri eftirlitsaðila með steypuframleiðslu.
- Isavia ohf. leyfir einungis 4 vel völdum bílaleigum að vera með afgreiðslurými inn í flugstöðinni, meðan samkeppnisaðilar kosta miklum fjárhæðum að fá ekki pláss né bílastæði í nálægð við flugvöllinn.
- Í lögum um Fjarskiptastofu stendur skýrt að þeir beri að koma tíðnisviðinu skipulega í notkun. Í lögum um tíðniúthlutanir til RÚV stóð að Fjarskiptastofa bæri að úthluta RÚV þeim tíðnum sem stofnunin teldi sig þurfa. Á sama tíma og Fjarskiptastofa afhendir RÚV tíðnir nánast blindandi, neita þeir einkaaðilum um tíðnir sem dæmi á útvarpsbandi. [REDACTED]

[REDACTED]

- Ístak, ÍAV, Byko, Húsasmiðjan, Bauhaus, öll olúfélög.
- Íþyngjandi regluverk opinberra aðila.
- Keypt þjónusta frá ófaglærðum iðnaðarmönnum vegna þess að hún er ódýrari en frá löggiltum iðnmeisturum.
- Kjarasamningar sem brjóta í bága við samkeppnislög.
- Klæðskerasaumað útboð fyrir kannski einn aðila.
- Koma í veg fyrir leyfisveitingar svo við getum unnið á markaðinum.
- Kröfur í forvali/útboðum um eigið fé. Kröfur í forvali/útboðum um reynslu af risavöxnum verkefnum sem aðeins fá fyrirtæki hafa komið að, sem stuðlar að aukinni fákeppni.
- Kvótakerfið.
- Landbúnaður og sjávarútvegur.
- Landhelgisgæslan, slökkvilið og björgunarsveitir takmarka samkeppni í atvinnuköfunargeiranum.
- Litlir aðilar í bókhaldþjónustu eiga orðið mun erfiðara að keppa við stóru stofurnar út af auknum kröfum vegna AML.
- Lítið dæmi. Óbeint. Reykjavíkurborg ræður til sín stóra hópa fólks í tækniþróun í staðinn fyrir að styrkja sjálfstætt starfandi aðila.
- Lægri virðisaukaskattur á bækur sem eru framleiddar utan landsteinanna er íslenskum prentsmiðjum í óhag og skækkir samkeppnisumhverfið.
- Lög og reglugerðir með gervieftirliti sem leggst hlutfallslega þyngra á minni fyrirtæki og býr til miklar hindranir inn á markaði.
- Lög og reglugerðir um heilbrigðisþjónustu og læknisstörf.
- Lög og reglugerðir.
- Lög um heilbrigðismál og ákvörðun stjórnvalda um að hafa ríkisrekna miðlæga heilbrigðisþjónustu. Við förum mikið hægar í að stuðla að heilbrigðum einkarekstri í samkeppni um að veita góða hagkvæma þjónustu á þessu sviði en nágrennalöndin.
- Með að stuðla að fyrirkomulagi á búvörumarkaði sem gerir markaðsráðandi fyrirtækjum að nýta yfirburði sína.
- Með styrkjum til hafna.
- Meðal annars með kröfum um milljóna ársveltu, kröfum um að hafa unnið sambærileg verk, geðþótta ákvörðunum/mati hvað sé fullnægjandi sem viðmið o.s.frv.
- Meira tillit er tekið til stórfyrirtækja þegar um bílastæði og umferð ræðir heldur en lítilla fyrirtækja af hálfu Reykjavíkurborgar. Dæmi:[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/01/25/umferdarvandraedi\\_i\\_skeifunni\\_verdi\\_leyst/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/01/25/umferdarvandraedi_i_skeifunni_verdi_leyst/) á sama tíma verður þrengt að umferð með borgalínu á t.d. Suðurlandsbraut. Aðgengi að fyrirtækjum hefur áhrif samkeppni.

- Mikið reglufargan.
- Misnotkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga, íslenskum „framleiðendum“ hyglað í eftirlitskerfi matvælayfirvalda. Iðnaðarframleiðslu eins og kjúklinga, svín og eggjaframleiðslu stórlega hyglað af stjórnvöldum með tollvernd og fl.
- Mjög íþyngjandi ákvæði varðandi eftirlitsskyldu lítilla aðila í starfsgreininni sem eru algerlega úr takti við raunveruleikann og þ.a.l. ekki viðeigandi.
- Mjög þunglamalegt leyfisveitingakerfi og allt of strangar kröfur gerðar varðandi aðbúnað á veitingastöðum, sérstaklega á smærri stöðum sem þurfa að uppfylla sömu skilyrði og stærstu staðirnir.
- National security notkun í ýmsum löndum. Vilja ekki bjóða út hluti utan landsins.
- Niðurgreiðslur með allri starfsemi.
- Niðurrif iðnarsvæða og takmarkanir á úthlutun nýrra iðnaðarlóða.
- Nokkur fyrirtæki gera kröfur um nýjar vélar sem eiga að menga minna en eldri tæki án þess að sönnun sé til staðar. Þannig að við með aðeins eldri tæki getum ekki tekið þátt.
- Of hátt tryggingagjald fyrir minni fyrirtæki.
- Of ströng byggingareglugerð. Gerir nýjum aðilum erfiðara fyrir að komast inn á markaðinn.
- Olíufélög og bankar.
- Opinber fyrirtæki bjóða betri launakjör og hlunnindi til sinna starfsmanna sem einkafyrirtæki eiga ekki kost á að gera sem gerir það að verkum að fólk sækir frekar í að taka starf hjá opinberum aðila. Þetta er ekki samkeppnishæft umhverfi fyrir einkarekin fyrirtæki.
- Opinber fyrirtæki nota mjög oft þjónustu „vildarvina“ í stað þess að láta samkeppnina virka.
- Opinber kvótakerfi.
- Opinber stofnun sem keppir um sérfræðinga og tekur þátt í verkefnum á samkeppnismarkaði.
- Opinber útboð LSH eru sett fram til að tryggja fyrirfram ákveðna niðurstöðu.
- Opinber verk sem eru ekki boðin út heldur komið í hendur gæðinga.
- Opinberir aðilar eru oft með tölvudeildir sem eru að vinna lausnir í sinni búbbli sem væri hægt að leysa á miklu ódýrari hátt með útboði. Það er eins og forritari með yfir milljón á mánuði + veikindarétt + orlof + vinnuáðstöðu + starfsmannakostnað kosti skattgreiðendur ekkert.
- Opinberir aðilar gera meiri kröfur til ákveðinna aðila á markaði en annarra sem skekkir samkeppnisstöðu.
- Opinberir aðilar og háskólastofnanir hafa ítrekað farið inn á starfssvið fyrirtækisins og m.a. stofnað til starfsemi sem var áður kjarnastarfsemi fyrirtækisins.
- Opnað var á fjölgun tónlistarskóla v. samkeppnislaga í kringum árið 2000, úr því var svo dregið nokkru síðar þar sem fjölgunin varð mikil og þar með ásókn í opinbera sjóði.
- Orkufyrirtæki í eigu ríkisins bregða hiklaust fæti fyrir smáa aðila sem gera tilraun til að komast inná markaðinn þar sem þau eru fyrir s.s. hitaveitu þar sem notast er við rafmagn þó það sé framleitt með díselolíu.
- Ófyrirsjáanleiki í sköttum og vörugjöldum. Alltaf verið að breyta , ekki hægt að skipuleggja til framtíðar.

- Ógagnsæjar ákvarðanir teknar af hálfu sveitarfélaga.
- Ómarkviss og tilviljunarkennd starfsemi SKE sem virðist frekar byggja á persónulegum skoðunum stjórnenda SKE en fagmennsku og þekkingu.
- Ónógt framboð lóða.
- Óraunhæfar kröfur til fyrirtækja um rekstur og afkomu til að taka þátt í útboðum. T.a.m eru gerðar ríkari kröfur til fyrirtækja en opinberir aðilar (sveitarfélög og ríki) gera til síns sjálf.
- Pólítísk afskipti og sérfyrirgreiðsla er á lóðaúthlutunum hjá Akureyrarbæ gagnvart lögaðilum. Auglýstar eru lóðir með reglum um að dregið verið úr umsóknum sem standast skilmála en svo er ekki farið eftir því og lóðum úthlutað handstýrt af pólitíkinni til valinkunna lögaðila með eftir á skýringum. Þannig hafa yfirvöld afskipti af samkeppnismarkaði og ráða hverjir fá lóðir og hverjir ekki.
- Pólítískar skoðanir.
- Rafmagn.
- Rammasamningar.
- Rannsóknir í heilsugæslu selur Landspítala, ríkisstofnunum, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á mun lægra verði en heilsugæslum í einkarekstri. Landspítali hefur einokun á kokk rúm rannsóknum.
- Ráðuneyti niðurgreiddu fræðslu í Covid. Háskólar eru í beinni samkeppni við einkaaðila á fræðslumarkaði.
- Reglugerð um greiðsluþjónustu er harðari héraðs en upprunalegu lögin gera ráð fyrir og útiloka þar af leiðandi ákveðnar fjármálaafurðir. Þá hefur Sí krafist þess að erlendir aðilar þurfi bankareikning hjá innlendum bönkum (meira að segja hb 26) til að geta stundað hér greiðslumiðlun. Bankarnir hafa svo allir neitað aðilum um að stofna slíkan reikning.
- Reglugerðafargan og ferli á t.d. byggingarsviði virðast vera sérhönnuð til að hygla stórum ráðandi verktakafyrirtækjum og þessum aðilum sem eiga byggingamarkaðinn munar ekkert um að ráða einn eða fleiri lögfræðinga til að dila við t.d. einhverjar fátjánlegar ESB tilskipanir sem eru gerðar fyrir miklu stærri samfélög en Ísland og eru að drepa lítil og meðalstór fyrirtæki. Það virðist vera markviss pólítísk stefna að stuðla að fákeppni og einokun til útvaldra. Þetta er augljóst og framkvæmt skammlaust fyrir opnum tjöldum.
- Reglugerðir og starfsemi fyrirtækja er njóta opinbers stuðnings.
- Reglugerðir um framleiðslumörk smáframleiðenda. Smáframleiðendur þurfa stundum að fara eftir sömu reglugerðum og stór fyrirtæki s.s. MS.
- Reglugerðir.
- Reglur og gjaldskrár sem nokkurn veginn neyða alla til að haga sér með sama hætti.
- Reglur og lög um eftirlit og skráningu ferla og upplýsingagjöf valda því að kostnaðurinn er hlutfallslega margfaldur fyrir minni aðila sem gefast upp. Engin sýnileg merki nema síður sé að big4 séu betri „varðhundur“ almennings.
- Ríkisbankar stunda samkeppni við okkar fyrirtæki sem er ósanngjörn.
- Koma í veg fyrir einokun/fákeppni hvað varðar grunnkerfi/innviði á heilbrigðissviði eins og sjúkraskrárkerfi. Slík kerfi, svipað og á orku- og fjarskiptamarkaði, þurfa að vera opin til að þau skili betri þjónustu á ódýrari hátt.
- Koma með ríkari hætti í veg fyrir lóðréttu samþættingu fyrirtækja.
- Koma ríkinu út úr öllu, minnka reglur, lækka og einfalda skattkerfið. Ríkið svari um túlkun sína fyrir fram um allar reglur, hratt og skýrt.
- Koma upp uppboðsmarkað fyrir æðardún svipað og fyrir minkaskinn.
- Leggja niður Ríkiskaup.
- Leggja Samkeppniseftirlitið niður.
- Leyfa atvinnulífinu að þróast sjálfu með lágmarksafskiptum ríkisvaldsins.
- Leyfa samruna sláturhúsa áður en það verður of seint.
- Loka á kennitölulakk, útbúa betri útboð, hafa meira gegnsæi, snarpari aðgerðir gegn fyrirtækjum sem brjóta á samkeppnishæfni markaðarins með sérhagsmuna- og frændhyglisaðgerðum.
- Lækka áfengisgjöld.
- Lækka álögur svo sé auðveldara að reka fyrirtæki. Á okkar markaði er þetta svo mikið hark að það fer fækkandi þeim sem nenna að standa í þessu og fyrirtæki loka og koma engin í staðinn.
- Lækka skatta.
- Make the rules explicit about how big a company can be without breaking anti-competition laws.
- Markaðsráðandi aðili á markaðnum í dag undirbýður þá flutninga og leiðir sem okkar fyrirtæki er að sinna. Veit satt best að segja ekki hvernig á að stöðva þá því þeir eru eitt stærsta félag landsins.
- Markaðsráðandi fyrirtæki svo sem tryggingafélög halda heilum starfsgreinum í gíslingu vegna verðþvingana og vega þannig að rekstraröryggi slíkra fyrirtækja því tel ég í tímans rás að það sé búið að höggva samkeppnishæfni fyrirtækja í tjónaviðgerðum niður með fjársveldi með þeim afleiðingum að bæði samkeppnishæfni til launagreiðslna til starfmannsins og uppfærsla vegna tækniframfara í bílageiranum sé ábótavant. Því tel ég að skoða þurfi frekar tryggingarlöggjöfina og aðkomu Samkeppniseftirlits í ljósi markaðsráðandi stofnana og getu þeirra til viðskiptakúgunar einingaverðs fyrir vinnu verkstæða. Með þeim hætti að viðskipta vinir geti án vandkvæða leitað með tjón sín á hvert það verkstæði sem það kys án þess að lenda í hringiðu yfiringangs slíkra stofnana.
- Markaðsráðandi staða Ölgerðarinnar, Vífilfells, K. Karlssonar, Globus og Mekka varðandi einokunarsamningum á sölu til veitingahúsa eru verulega íþyngjandi fyrir minni byrgja. Þetta gerir það að verkum að þessir aðilar hafa skipt með sér markaðnum og Samkeppniseftirlitið gerir ekkert í

Þessu. Nær allir stóru aðilarnir, veitingahús og hótél eru í þessum klafa. Þetta verður að sprengja upp.

- Með að tryggja að erlend fyrirtæki þurfi að standa skil af sköttum eða undirgangast svipuð skilyrði og íslensk.
- Með auknu lóðaframboði. Að Reykjavík taki afstöðu með almenningi en ekki verktökum, sem fá úthlutað nægum lóðum og stilla svo framboðið þannig að alltaf sé seljendamarkaður. Almennt langar mig að segja að það er skömm að frammistöðu Samkeppniseftirlitsins. Ég held að forstjórinn sé gjörsamlega vanhæfur. Þetta hefur orðið til þess að örfáir auðhringar stjórna verðlagi á flestum sviðum. Þekki það af eigin reynslu að stóru verslunarkeðjurnar hafa kverkatök á heildsölum og innlendum framleiðendum. Vonlítið fyrir nýja aðila að hefja starfsemi.
- Með endurskoðun á samkeppnislögum og strangara eftirliti. Það þarf að beita lögnum af meiri hörku og rannsaka fleiri mál.
- Með gagnsæi og að segja satt og rétt frá því sem til stendur. Heiðarleiki er dyggð.
- Með lægri sköttum og gjöldum á smáa rekstraraðila til að jafna aðstöðumun.
- Með reglubundnu eftirliti. Ganga t.d. úr skugga um að markaðsráðandi fyrirtæki mismuni ekki birgjum með vildarafslætti eða aðgangi að besta sölurýminu.
- Með samvinnu og samstöðu næst árangur, hef minni trú á samkeppni, samkeppnislög virtust öllum lögum æðri fyrir um 20 árum, held að aðrir þættir séu ekki síður mikilvægir í nútíma samfélagi.
- Með sísta úrræðinu, auknu eftirliti. Verkefni #1: Leita uppi fjölmörg fyrirtæki (ft.) sem í raun eru í eigu sömu aðila. Takmarka (setja lög) net lítilla og meðalstórra ft. sem í raun eru undir stjórn sömu aðila um allt land, oft stjórnenda stærstu ft. Nær öll ft. á Íslandi teljast lítil eða meðalstór. Ergó: samtals er heildina þá þar að finna. Fókus SE á markaði lítilla/meðalstórra ft. myndi örugglega auka framsókn þeirra og verðmætasköpun, samfélaginu til heilla. Virðisaukningin yrði án efa meiri. Skattþeningnum yrði vel varið í fjölgun starfsmanna SE.
- Með skýrum reglum að enginn sé sniðgenginn og allir séu upplýstir um þau kjör og þá samninga sem gerðir eru svo séð verði að farið sé að leikreglum.
- Með takmörkun á starfsemi eftirlitsskyldra fyrirtækja s.s. fjármálafyrirtækja og endurskoðunarfyrirtækja.
- Með virkara eftirliti með opinberum útboðum.
- Með því að takmarka frændhygli eins og kostur er, og með því að reyna að útrýma þeirri spillingu sem hér þrífst.
- Með því að afnema undanþágu hins markaðsráðandi Ferðafélag Íslands frá því að vera með ferðaskrifstofuleyfi og skipta upp starfsemi í ferðaskrifstofu og skálarekstur.
- Með því að auka framboð af færum bókurum.
- Með því að banna fyrirtækjum eins og [REDACTED] að neita að selja sérverslunum sínar vörur.
- Með því að bjóða út verkþætti sér eða skipta upp svæðum og uppfæra útboðslýsingar þannig að fleiri eigi kost á boði.
- Með því að fylgja reglum samkeppnismála. Passa að markaðshlutdeild eins aðila verði ekki of mikil. Tryggja að raunveruleg yfirráð félaga séu gegnsæ.
- Með því að gefa fyrirtækjum af sömu stærð möguleika á markaði. Ekki lofa risunum að gleypa allt.

- Með því að gera aðilum á markaði auðveldara að standa í samkeppni við helsta keppinautinn, sem er innflutt vara í samkeppni við hina innlendu.
- Með því að hafa áhrif á að utanaðkomandi fjármagn geti streymt inn í fyrirtæki. T.d. almannafé úr lífeyrissjóðum, fé úr sjóðum ríkisbanka ( almannafé ), þetta tel ég vera helsta vandamál samkeppni á Íslandi, það eru bara útvaldir sem hafa aðgang að þessum brunnum, samruni sem öllu jöfnu væri allt of stór er bara grín í samanburði við það bull sem viðgengst í mokstri peninga úr sjóðum almennings sem jafnvel brenna hratt upp.
- Með því að hafa strangari reglur um útboð og að þau séu alltaf opin útboð, einnig með rammisamningana að ríkið versli bara við þá sem eru í rammisamningum, að hér sé farið eftir lögum og reglu sem er ekki gert alltaf og oft er ríkið ekki að gera það, koma í veg fyrir kennitöluflasskara og að þeir fái alltaf að bjóða í verk, en að mestu leyti þarf viljann í verki og þora að taka óvinsælar ákvarðanir hjá ráðamönnum sem virðist ekki alltaf vera.
- Með því að heimila samruna fyrirtækja þar sem hið sameinaða félag er betur í stakk búið til sóknar á erlenda markaði.
- Með því að jafna samkeppnisstöðu íþróttafélaga sem eru utan ÍSí við þá sem eru innan ÍSí og með því að skilgreina betur hlutverk ÍSí og setja skyldur á sambandið að styðja við t.d. nýjar íþróttgreinar í stað þess að standa vörð um þær sem þegar sitja við kjötkatlana eins og lottópeningana.
- Með því að kljúfa keðjur og fá þannig inn fleiri og fjölbreyttari eigendur.
- Með því að koma með einhverjum hætti í veg fyrir of mikla samþjöppun vegna uppkaupa eins fyrirtækis á öðrum í sömu grein.
- Með því að opinberir aðilar gangi ekki á undan í því að taka tilboðum sem eru langt undir kostnaðarverði allt niður í 45 -50 % af kostnaðarverðum. Svo koma til alls kyns eftirásamningar, viðaukasamningar og fleira tengt. Mikið er um pólitískan-vina- og kunningjagreiða. Klíkuskapur og spilling er mjög áberandi.
- Með því að rannsaka Boozt.com. Það fyrirtæki fer augljóslega ekki að reglum hvað varðar verðlagningu og afslætti.
- Með því að ríki og stofnanir láti markaðinn í friði.
- Með því að Samkeppniseftirlitið taki mark á smærri fyrirtækjum og hjálpi þeim með sín mál, í stað þess að láta stærri fyrirtæki ganga fyrir.
- Með því að sinna sínu hlutverki geta stjórnvöld skapað aðstæður til að jafna aðgang að innviðum (flugvöllum, flugstöð í Reykjavík) og þar með bjóða fleiri fyrirtæki velkomin á markað.
- Með því að Sjúkratryggingar fái aukna heimild til að semja við einkarekna heilbrigðisþjónustu svo sem spítala, um tilteknar aðgerðir. LSH þarf að verðleggja sínar aðgerðir, eins og unnið hefur verið að í mjög langan tíma. Koma þarf á auka/viðbótar heilsutryggingum (sbr. auka lífeyrissparnaði) þar sem fyrirtæki og starfsmenn þeirra semja um tiltekið mánaðarlegt framlag sem tryggir bætt heilbrigðisþjónustu. Tryggingarfélag semja svo við einkarekna veitendur heilbrigðisþjónustu. Með þessu styttest biðlistar og heilbrigðisþjónusta verður ódýrari. Síðan ætti að bjóða út heilbrigðisþjónustu.
- Með því að skoða ítarlega mismunun heildsala á verði til ólíkra aðila þar sem þeir stærri fá vörur á allt að 60% lægra verði en þeir smærri. Hið sama á við um flutningafyrirtækin. Takmarka þarf heimildir til afsláttu þannig að þeir séu í samræmi við sanngjarna og eðlilega viðskiptahætti. Sumir

heildsalar vinna með fleiri en eitt verð á sömu vöru þannig að þeir smærri eru á hærra verðskrá og fá svo málamyndaaflátt út frá því.

- Með því að starfsfólk Samkeppniseftirlitsins taki grunnkúrs í því að reka landbúnaðarfyrtæki og skilji að það sem þau kalla samráð er það ekki sbr. framkvæmd samkeppnislaga í mörgum nágrannaríkjum.
- Með því að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki til vaxtar á fákeppnismarkaði.
- Með því að styrkja Samkeppniseftirlitið.
- Meira eftirlit með stóru fyrirtækjunum sem víla ekki fyrir sér að undirbjóða minni fyrirtækin.
- Meira eftirlit og heiðarlega stjórnendur. Minni græðgisvæðingu meðal eigenda fyrirtækja.
- Meira frelsi, færri reglur, minna opinbert eftirlit, meira traust á markaðslögmál, meira traust til stjórnenda og neytenda. Skúrkunum verður alltaf að endingu refsað en sá sem fer eftir bókinni fær magasár af endalausum eftirliti og opinberum afskiptum.
- Meira gegnsæi opinberra aðila.
- Meira gegnsæi stjórnsýslunnar.
- Meiri gagnsæi.
- Mér finnst þessi könnun alls ekki eiga við mig og mitt fyrirtæki, ég er eini starfsmaðurinn en glöð mundi vilja að við værum fleiri. En það er bara enginn með þessa menntun þar sem ég bý.
- Mesta mögulega samkeppni er erlendis frá, en á okkar míkro markaði, þá væri hagstæðasta eining samt mjög lítil í raun, en samt líklega of stór fyrir eftirlitið sem horfir of mikið á aðeins local markað og virðist lítið tillit taka til umhverfis.
- Mikil samkeppni er á sviði ferðaþjónustunnar um allt land. Ekki er þörf aðgerða til að auka samkeppni, þegar fyrirtæki hafa sameinast hafa ný sprottið upp. Mikill áhugi er hjá erlendum gestum að nýta persónulega þjónustu minni fyrirtækja - viðskiptavinirnir er besta samkeppnisgrýlan, ef fyrirtæki er ekki að standa sig í þjónustu, verði, eða hverju einu þá refsar viðskiptavinir þeim grimmilega - þetta er einföld stærðfræði.
- Miklu harðari refsiaðgerðir og öflugra eftirlit.
- Miklu mun harðari refsingar fyrir brot á samkeppnislögum.
- Minni afskipti hins opinbera - lægri þröskuldur inn í útboð.
- Minni kvaðir og lægri skattar.
- Minnka aðgangshindranir með minna regluverki og óhóflegum kröfum til rekstraraðila.
- Minnka afskipti ríkis.
- Minnka allt regluverk og einfalda ferla.
- Minnka reglugerða fargan, afnema eða allavega aðlaga ESB tilskipanir að íslenskum aðstæðum.
- Minnka umsvif ríkisins og bjóða út aukin hluta verkefna.
- Mitt fyrirtæki framleiðir grænmeti/garðávexti og staðan er þannig í sölumálunum að það eru örfáar verslunarkeðjur á markaðnum og ein þeirra langstærst og þar ræður öllu einn maður. Það er einfaldlega mikil fákeppni á verslunarmarkaði með matvörur og við framleiðendur erum algjörlega undir hælnum á þessum risum. Það þyrfti að skipta þessum keðjum upp í smærri einingar.

- Mitt fyrirtæki starfar aðallega á erlendum mörkuðum og keppir í raun ekki við vel skilgreinda aðila, svo það er erfitt að svara.
- Mitt fyrirtæki starfar í framleiðslu á mjólk, kjöti og grænmeti. Þetta eru vörur sem nú þegar eru framleiddar undir kostnaðarverði og kemur ríkið með styrki til að þessi framleiðsla sé til í landinu. Þar sem okkar framleiðsla er stýrð af hinu opinbera (verðlagsnefnd) og af stórmörkuðum skil ég ekki spurninguna.
- Mjög lítil bransi og Samkeppniseftirlitið þyrfti smjörhnif í staðinn fyrir sverð ef það ætti að koma í hann með einhverjum hætti.
- Mörg fyrirtæki eru orðin of stór fyrir lítinn íslenskan markað. eru þar af leiðandi ráðandi á markaði. Mörg hver að hluta til í eigu lífeyrissjóða og eru hamlandi fyrir heilbrigða samkeppni.
- Ohf. félög eru oftast í samkrulli við ráðuneyti um fjármögnun verkefna fyrir ríkið og útboð verka er ekki algeng.
- Olúfélög, bankar, tryggingarfélög, o.s.frv. fá að hafa „samráð“ um verðlagningu og þannig hefur það verið frá því ég man eftir mér. Brjóta þá upp, setja lög um fákeppni sem er svo augljós. Hvert barn sér brot þeirra daglega.
- Opið bókhald.
- Opið upplýsingaflæði um niðurstöður útboða og verðkannana. Menn verða svolítið að tileinka sér að hugsa á samkeppnisgrundvelli en ekki að reyna að komast í að maka krókin sífellt.
- Opinber útboð séu skilvirkari, fleiri og smærri birgjar og olúfélög séu án samráða, útflutningur og innflutningur einfaldaður, stærra markaðssvæði (Evrópa).
- Passa að fyrirtæki safnist ekki á fáar hendur.
- Passa samruna fyrirtækja með því að skoða þau vörumerki sem þau eru að kaupa. T.d. Skeljungur sem er verið að brjóta niður í einingar og selja. Íslandsbanki og starfsmenn hans í aðdraganda útboðs. Hver er ávinningur af samkeppni fyrir starfsmennina á þeim markaði sem þeir starfa.
- Rannsaka áratuga brot eftirfarandi aðila: Vífilfell, Ölgerðin, Mekka, Kalli K. o.fl.
- Rekstrar umhverfi á Íslandi þarf að breytast til muna og styðja betur við örfyrirtæki. Flest fyrirtæki á Íslandi eru með 5 starfsmenn eða færri en samt er allt rekstrarumhverfið hannað með stór fyrirtæki í huga. Litlu fyrirtækin hafa ekkert svigrúm til að styrkjast, stækka og eflast vegna íþyngjandi gjalda og krafna sem sett er á þau í takt við stór fyrirtæki. Þar með eiga þau mjög erfitt með að efla samkeppni því það mun bara leiða til einokunar því flest lítil fyrirtæki færu á hausinn.
- Ríkið er nær alveg hætt að bjóða út innkaup á þjónustu og innkaupum. Skiptir reikningum niður og verslar við þann sem þeim hentar, óháð verði eða gæðum. Spilling, mútur, glæpastarfsemi.
- Ríkið hætti að niðurgreiða þjónustu sem samkeppnisaðilar okkar eru að veita.
- Ríkið vinni ekki á þjónustumarkaði.
- Samkaup með ca. 62 verslanir að hluta til Lífeyrissjóðir / sjóður Krónan með ca. 28 verslanir Lífeyrissjóðir Bónus með ca. 31 verslanir Lífeyrissjóðir þetta er líkast til ca. 85% af markaðinum. Stefna þessara 3ja aðila er að flytja sem mest inn sjálfir af dagvöru, sem hindrar vöruvals aðföng fyrir nýliðun á markaði. 3 keðjur, svo er Fjarðarkaup, Melabúðin og nokkrar smá verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Spurning hafið þið sem að þessari könnun standa orðið varir við samkeppni á milli þessara 3ja síðastliðin 10 ár eða svo? Spurning hvernig á nýr aðili á t.d. þessum markaði að bera sig að með vöruvals aðföng til að standast samkeppni? Þetta er allt saman mjög sérstakt. Mér



skilst það séu 2 aðilar sem selja raflagnaefni á Íslandi, voru 5 - 10 fyrir 10-15 árum. Einn er í Skippholti hinn í Sundahöfn. Þegar ég er að tala um raflagnaefni þá er ég ekki að tala um HÚSA og álíka sem selja ljósaperur og innstungur til heimilisnota.

- Samkeppni er ekki mikil. Flóran með mismunandi fyrirtækjum er mjög fjölbreytt bæði að stærð og verðum sem býður viðskiptavinum uppá mikið val í að kaupa þjónustu hjá þeim.
- Samkeppni á ekki alltaf rétt á sér, samvinna getur virkað miklu betur á litlum mörkuðum (með ákveðnu eftirliti).
- Samkeppni er eðlileg í veitingageira í 99% tilvika. Ég tilkynnti fyrir um 6 árum hugsanleg brot því var vart svarað af SE. Í könnuninni vantar hnappinn „hef ekki hugmynd“.
- Samkeppni er langt umfram það sem gæti talist heilbriggt og er búist við að mörg fyrirtæki leggist af í því versnandi efnahagsástandi sem ríkir á Íslandi.
- Samkeppni er mjög hörð og virk á þeim markaði sem mitt fyrirtæki starfar á. Það sem helst skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja eru skattsvik.
- Samkeppni er mjög mikil á þeim markaði sem félagið starfar á og ekki margt sem mér dettur í hug til að efla þá miklu samkeppni sem er nú þegar til staðar.
- Samkeppni mætti efla með því að fleiri taki þátt í starfsemi á sama vettvangi. Þar spilar e.t.v. menntakerfið inn í varðandi á hvaða brautir hún beinir fólki í menntakerfinu. En samkeppni er af hinu góða og því fleiri sem starfa í faginu eða bjóða fram þjónustu í sömu greinum, því virkari er samkeppnin og því betra fyrir neytendur.
- Samkeppnin er þegar mikil. Leitast þarf til þess að samkeppnisaðilarnir fái jöfn tækifæri (blaðaútgáfa).
- Samkeppnin gæti ekki verið meiri.
- Samkeppniseftirlitið er gjörsamlega gagnslaust apparat. 2 stórir aðilar ráða markaðnum og hindra að minni aðilar komist inn með því að neita aðilum sem eru í viðskiptum við þá að kaupa af öðrum. Á sama tíma eru aðrir sem brjóta reglurnar með því að selja áfengi í vefverslunum til einkaaðila og auglýsa áfengi en hið opinbera gerir ekkert. Það er ómögulegt að lifa af á markaðnum án þess að brjóta lögum um áfengissölu.
- Samkeppniseftirlitið nær kannski að hafa einhver áhrif á smásölumarkaði neytendavöru á Íslandi. En í öllu ferlinu annars staðar er endalaus einkaákvörðunartaka (á heimsvísu). Fiski á Íslandi er landað (85%) á því verði sem kaupandanum þóknast, vörur eru seldar úr landi til dóttur-/móðurfyrirtækis á því verði sem seljandanum (eigandanum) þóknast. Allir þessir hlutir hafa áhrif á endanlegt vöruverð hlutanna til neytandans en íslenskt Samkeppniseftirlit getur bara passað uppá að BYKO og Húsasmiðjan geri ekki leynisamning um verð á spýtum, ef það fréttir af því. Frjálst markaðshagkerfi en nánast ekki til. Því miður.
- Sanngjarnari löggjöf, opnari stjórnsýsla.
- Sektor eiga að fara til brotþola en ekki til ríkissjóðs.
- Sem hannyrðabúð tel ég að það ætti að banna Rúmfatalagernum, Hagkaup og þess háttar stórmörkuðum að selja garn og hannyrðavörur.
- Sem iðnaðarfyrirtæki teljum við þurfa að tryggja að réttindalausir aðilar starfandi utan laga og reglna geti undirboðið markaðinn og skilið eftir slóð svika og pretta. Lög virðast ekki ná yfir iðnaðarglæpastarfsemi.

- 
- Setja leikreglur varðandi skynsamlegar kröfur sem opinberir aðilar geta sett varðandi innkaup með útboðum.
  - Setja skýrari reglur varðandi verðlagningu stærri fyrirtækja. Mjög óeðlilegt að þau megi ekki svara samkeppninni án þess að teljast vera brjóta lög ef farið er undir kostnaðarverð. Finnst vera reginmunur á því hvort fyrirtæki er gagngert að bola fyrirtæki út af markaðinum með verðlækkunum og tapi til skemmri tíma eða að svara verðlækkunum samkeppnisaðila á eðlilegan hátt.
  - Sjáðu til. Þið eruð að skipta ykkur af smámálum. Heimurinn er samkeppnisaðilinn ekki smáfyrirtæki hér á landi.
  - Skipta um stjórnendur hjá Samkeppniseftirlitinu, lögin eru góð en framkvæmdin afleit og skaðleg.
  - Skipta upp fyrirtækjum til að koma í veg fyrir hringamyndun.
  - Skoðið félag fasteignasala.
  - Skylda opinbera og hálfopinbera aðila að bjóða út og taka hagkvæmstu tilboðum.
  - Skylda stóru sjávarútvegsfyrirtækin til að selja hluta af afla, eða jafnvel allan afla á opnum fiskmörkuðum. (Og svo auðvitað með því að láta þau fara að lögum um hámarkseign veiðiheimilda).
  - Skýra þarf miklu betur hlutverk opinberra aðila sem eru í beinni/óbeinni samkeppni við einkarekstur. Einkarekstur sem sinnir hlutverki sínu virðist stundum kæfður af opinberum aðilum sem njóta skatta téðra einkafyrirtækja. Niðurstaðan verður hringavitleysa vanhæfnis og meðalmennsku. Öll umræða, stefnumörkun á þessu sviði eru í skötulíki. Opinberir aðilar þurfa skýra stefnumörkun um hlutverk sitt utan beinnar samkeppni við einkaaðila. Samkeppniseftirlitið má einbeita sér að málum af þessu tagi frekar en áralöngum, oft árangurslitlu stússi í kringum einstaka íslenska kaupmenn.
  - Smámunasemi Samkeppniseftirlits er í hróplegu ósamræmi við þennan örmarkað sem Ísland er. Þetta er eyðileggingarstarfsemi frekar en annað.
  - Smæð markaðarins er mikil. Tel að netverslanir erlendis hafi töluverð áhrif á markaðinn.
  - Starfa við ráðgjöf fyrir erlend fyrirtæki, þetta á ekki við í okkar tilfalli.
  - Starfsemi mín er með þeim hætti og í slíku umhverfi að fæst, nánast ekkert, sem þessi rannsókn nær til snertir starfsemina.
  - Stjórnvaldsaðgerðum.
  - Stopp við einokunar samningum.
  - Stoppa spillingu og græðgi.
  - Stoppa t.d. Ölgerðina í þeim hundruðum samkeppnisbrota sem þeir fremja í sinni stöðu.
  - Stór fyrirtæki stjórna markaði í skjóli ríkisins.
  - Stöðva frekari samruna sláturleyfishafa. Fylgjast betur með og sekta fyrir ólögsmætt samráð.
  - Stöðva kennitölufلاك og ekki taka lægsta tilboði ef það er mjög langt undir kostnaðaráætlun.
  - Sýnið fordæmi! Takið á ríkisfyrirtækjum!
  - T.d. skoða starfsemi Airbnb og Uber sem dæmi.
  - T.d. mættu aðilar sem taka ákvarðanir um staðsetningu lyfjabúða fá umsögn frá SE.
  - Taka RÚV af auglýsingamarkaði.
  - Taka viðskiptamannalista Optical Studio í Leifsstöð 4 ár aftur í tímann og bera saman við greiðslur af gleraugum (<80.000 ISK) í rauða hliði tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli á sama tíma. Gefa
-











viðskiptavinum sem ekki greiddu VSK af afhentum persónulegum gleraugum í Flugstöðinni tækifæri til að greiða virðisaukaskattinn eftir á án álags, sektar eða ákæru. Slík aðgerð myndi jafna samkeppni gleraugnaverslana á Íslandi til muna.

- Tel að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu stundi ólögleg samráð, útilokun og fleira sem lögum samkvæmt er bannað. Finnst samkeppnislög og sáttir í raun vera uppskrift af því hvernig má gera hlutina, en furðulega augljós tilfelli eru samt ekki að hafa afleiðingar. Sönnunarbyrði Samkeppniseftirlits eða annarra stofnana, sem og þeirra sem upplýsa um ólögleg athæfi virðist svo mikil að það er nóg fyrir markaðsráðandi fyrirtæki að segja bara „þetta er ekki svona“ eða „þetta er málatilbúnaður“. Finnst eins og markaðsráðandi fyrirtæki stýri þessu miklu meira en eðlilegt er.
- Tel að samkeppni sé mjög mikil. Helst að gjaldskrár ríkis og sveitarfélaga séu ekki þannig að allir séu neyddir að haga sinni starfsemi eins og aðrir.
- Tel samkeppni vera virka á þeim markaði sem ég starfa á. Flestir eru með eigin innflutning á sambærilegri vöru en frá ólíkum birgjum. Samkeppnishamlandi aðili er einn og það er íslenskur framleiðandi sem selur til endursöluaðila á mismunandi verði og hamlar þannig eðlilegri framlegð við sölu á vörunni.
- Til að skapa virkan markað hér á landi, þarf fleira fólk. Að mínu mati, þarf þjóðin að telja 2-2,5 milljón íbúa.
- Tryggingarfélög! Útkall vegna vatnstjóna.
- Tryggja að Míla selji aðföng á sama verði til Símans eins og annara fjarskiptafélaga! Tryggja að samningar Mílu við Símann standi okkur til boða á sama verði. Skoða samninga Mílu og Símans við Hringdu sem getur boðið öllum lægra verð enn nokkur annað fjarskiptafélag á Íslandi getur og hefur gert það frá 2011 með aðstoð Símans sem síns stærsta og nánast eina birgja undanfarinn ár. Hringdu er staðsett í húsnæði sem Síminn var með langtíma leigusamning á, er ekki augljóst að þeir eru starfandi fyrir Símann!
- Tryggja sannanlega opið aðgengi að gögnum sem aflað er fyrir almannafé.
- Upplifi ekki að fyrirtækið sé í samkeppni.
- Útiloka að gjaldþrota fyrirtæki/framkvæmdastjórar fái að stofna ný fyrirtæki og hefja samkeppni aftur strax eftir gjaldþrot. Það er eitthvað að þegar menn fá að setja hvert fyrirtækið á fætur öðru í þrot og byrja alltaf aftur án nokkurra kvaða. Það er ekki heilbrigð samkeppni.
- Útleiga íbúða til 60 ára og eldri.
- Var byggingarverktaki á samkeppnismarkaði til ársins 2018, en ekki lengur. Held að það hafi ekkert lagast að margdæmdir lúðar dúkka þar upp aftur og aftur.
- Veit ekki.
- Veita almennari aðgang að útboðum.
- Vera hluti af stærri heild, t.d. vera í Evrópusambandinu.
- Vera með góða eftirfylgni á málum sem upp koma og kynna vel starfsemi Samkeppniseftirlits sem fyrirbyggjandi leið. Einnig að tryggja skjótar og nægilega háar sektir og bítandi viðurlög við brotum.
- Vera með virkara eftirlit og passa raunverulega að fákeppni sé ekki.

- Vera með virkt Samkeppniseftirlit sem hefur það markmið að vinna gegn samkeppnisbrotum sem því miður það virðist ekki hafa tíma eða áhuga til að sinna. Vegna undarlegrar stjórnunar og áherslu á að vinna gegn hagræðingu til hagsbóta fyrir neytendur t.d. með samruna fyrirtækja.
- Við erum í bullandi samkeppni, nær væri að skoða RÚV, banka, tryggingafélög og olúfélög.
- Vinn mest í ferðapjónustu var í útgáfu o.fl. Þurfti að leita til Samkeppniseftirlitsins einu sinni. Ýtarleg og góð greinargerð og við í rétti en ekkert gert þar sem málið ekki nógu stórt :( Kannski má því segja að láta litlu aðilana líka skipta máli, sinna því.
- Vinna án hlutdrægni og frændsemi. Vinna hratt og örugglega.
- Virkara eftirlit með vöndlun innan samsteypa.
- Virkara eftirlit.
- Virkara upplýsingakerfi um verðlag og verðsamanburð.
- Virku verðeftirliti.
- Virkt eftirlit og á stundum verðviðmið á fákeppnismörkuðum. Stöðugt aðhald og eftirlit með verðmyndun á ráðandi fákeppnismörkuðum.
- Það er frekar erfitt. Það er mikil eftirspurn eftir þjónustu í minni starfsgrein.
- Það er gríðarleg samkeppni bæði við innlend og erlend fyrirtæki á mínum markaði.
- Það er hægt að skoða innkaupaaðferðir sveitafélaga á torfi og sennilega fleiru. Þeir koma sér oft undan útboðum með loftfímleikum. Ég lenti t.d. í málaferlum við Kópavogsbæ fyrir um það bil 10 árum og þeir sáu til þess að verktakar sem unnu fyrir bæjarfélagið versluðu ekki við mitt fyrirtæki. Það voru nokkrir viðskiptavinir mínir sem létu mig vita af þessu, en sögðust ekki geta borið vitni fyrir rétti vegna vinnu sinnar fyrir bæjarfélagið. Innkaup sveitarfélaga á vörum geta verið hagsmunatengd starfsmönnum þeirra.
- Það er hægt með því að skoða hvar brotalamirnar liggja. Hagsmunatengsl, skuldbindingar fyrir félagaaðild til að auglýsa og markaðssetja. Skuldbinda viðskiptavini og undirboð.
- Það er mikil samkeppni á mínum markaði.
- Það er mikil samkeppni og lítið um markaðsráðandi aðila.
- Það er mikil samkeppni.
- Það er mjög lítil samkeppni í þessum geira og mjög fjölbreytt flóra fyrirtækja sem viðskiptavinir geta valið um.
- Það er mjög mikil samkeppnin innan fyrirtækja í minni grein og öll fyrirtækin eru mikið í eigin innflutningi með mismunandi vörumerki. Samkeppni við erlendar vefverslanir með verðlagningu. Fyrirtækin eru ekki að selja vörur sem eru framleiddar innanlands.
- Það er mjög virk og erfið samkeppni á þeim markaði sem svið störfum á. Það sem gerir okkur erfitt er að samkeppnisaðilar láta vinna vörurnar ódýrt erlendis t.d. Litháen og flytja inn fullbúnar en greiða líklega ekki virðisaukaskatt og gjöld af þeirri vinnu sem er unnin erlendis. Við framleiðum okkar vörur hér á landi.
- Það er nóg samkeppni.
- Það er nú þegar mikil samkeppni.
- Það er virk samkeppni og þarf því ekki að efla það sérstaklega.

- Það fyrsta og mikilvægasta er að handvömm og ófagleg vinnubrögð SE valdi ekki minni samkeppni. Sem dæmi þá tók SE þá vitlausu ákvörðun að heimila samruna á mínum markaði. Þar var stórfyrirtækinu Securitas, sem átti eitt geymslufyrirtæki fyrir, með ca. 10% markaðshlutdeild, Geymsla 24, að kaupa stærsta fyrirtækið á markaðnum - Geymslur með ca. 55% markaðshlutdeild. Þá var komið samanlagt ca. 65% hlutdeild. Næststærsta fyrirtækið Geymsla Eitt með 25% hlutdeild. Á nákvæmlega sama tíma hafði Costco sett upp sína verslun með ca. 10% hlutdeild. Samkvæmt SE hefði þá verið í himnalagi að Costco hefði keypt Bónus með ca. 50-60% hlutdeild á matvörumarkaðnum. Svona viðvanings vinnubrögð þurrka augljóslega út allt traust og trúverðugleika SE.
- Það fyrsta sem ríki, sveitarfélög og einkaaðilar geta gert í t.d. útboðum er að hætta að taka lágsta tilboði. Heldur að skoða gaumgæfilega hvort um undirboð sé að ræða. Taka einungis tilboðum þar sem séð sé að t.d. verktakar eða söluaðilar séu að uppfylla lög og reglur varðandi laun og geti skilað sínum félögum í gegnum verkefni/sölu án þess að stórskada sjálfan sig og ekki síður aðra í sama bransa.
- Það myndi fyrst hafa hamlandi áhrif á samkeppni ef SKE myndi blanda sér í þann markað sem fyrirtæki mitt starfar á.
- Það veðrður að taka á fákepnismörkuðum eins og bönkum, tryggingafélögum og matvöruverslunum.
- Það þarf að brjóta upp stærðarhlutföll fyrirtækja. Dæmi sjávarútvegur samsteypur sem ráða hátt í 20% kvóta.
- Það þarf að byrja á að leggja niður einokunarstöðu ríkisins á öllum þeim sviðum, sem það á við hvort heldur í sölu áfengis eða með beinni eða óbeinni aðild að fjármálamarkaði og greiðslukortamarkaði o.s.frv.
- Það þarf að vera kristal tært hvað má og hvað ekki. Það er alls konar fólk að biðja um eitthvað sem bara alls ekkil má skv. samkeppnilögunum. Það er líka alltof mikið um að ódýrari kostum sé refsað vegna lélegrar framlegðar sem skapast af verðsamkeppni. Það eru líka aðilar undirverðleggja sum vörumerki / birgja sem skekkja þeirra samkeppnisstöðu á markaðinum. Leggja s.s. ekki sama á „eins“ vörur (notaðar í sama tilgangi).
- Það þarf aukið fjármagn í þennan málaflokk þannig að hægt sé að gera fleiri og reglulegar markaðsgreiningar. Mögulega endurhugsa ákveðna markaði sem eru síbreytilegir með m.a. nýrri tækni. Hraði mála má auðvitað vera meiri en að öllum líkindum helst það í hendur við fjármagn sem veitt er í málaflokkinn.
- Það þarf lagabreytingar til.
- Þarf að gefa smáum fyrirtækjum svigrúm til að sameinast - ferlið má ekki vera of þungt. Auðvelt fyrir Samkeppniseftirlitið að meta markaðinn út frá afkomu - lítil framlegð vegna smæðar hvers fyrirtækis. Geta orðið öflugri með stærðinni. Ekki alltaf vont að fyrirtæki sameinist.
- Þekki það frá eigin raun að SKE aðstoðar lítið smærri fyrirtæki sem telja sig beitt órétti af markaðsráðandi aðila, SKE hefur ekki áhuga á að aðstoða minni aðilann sem hefur ekki burði til að sækja málið áfram með eigin lögfræðingum með tilheyrandi kostnaði.
- Þetta er leyst með svokölluðu „kvótakerfi“.
- Þetta er orðið meira gagnvart erlendum aðilum sem hafa aðgang að íslenskum markaði án þess að greiða skatta á Íslandi, þyrfti að setja á aðgangsgjöld!

**Tafla 135. Hvaða stöðu gegnir þú innan fyrirtækis þíns?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-		
Frankvæmdastjóri	749	56,2%	2,7%		56,2%
Forstjóri	308	23,1%	2,3%		23,1%
Fjármálastjóri	112	8,4%	1,5%		8,4%
Millistjórnandi	47	3,5%	1,0%		3,5%
Einyrki	43	3,2%	0,9%		3,2%
Eigandi	43	3,2%	0,9%		3,2%
Lögfræðingur	3	0,2%	0,2%		0,2%
Annari stöðu	29	2,2%	0,8%		2,2%
Alls	1335	100,0%			
Fjöldi svarenda	1335	69,7%			
Vil ekki svara	579	30,3%			
Heildarfjöldi	1914	100,0%			

**Þau svör sem féllu undir flokkinn „Annað“ voru eftirfarandi:**

- Á lítið fyrirtæki í ráðgjafarstarfsemi.
- Bókari, gjaldkeri, launafulltrúi, ræstitæknir, sendill og ýmislegt sem að til fellur.
- Bókari.
- Formaður stjórnar.
- Formaður.
- Fulltrúi.
- Iðnaðarmaður.
- Partner í stjórn lítils félags.
- Ráðgjafi. (nefnt af 2)
- Sérfræðingur.
- Skipstjóri/útgerðarmaður.
- Skoðunarmaður. (nefnt af 2)
- Skrifstofumaður.
- Stjórnarformaður. (nefnt af 4)
- Stjórnarmaður.
- Stjórnarmeðlimur.
- Tengdur aðili.

Tafla 136. Hvaða stöðu gegnir þú innan fyrirtækis þíns? – Bakgrunnsgreining


	Fjöldi	Framkvæmda -stjóri	Forstjóri/ Eigandi	Fjármálastjóri	Millistjórnandi	Önnur staða
<b>Alls</b>	1335	56,2%	26,3%	8,4%	3,5%	8,9%
<b>ÍSAT bákur<sup>^</sup></b>						
A Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	86	51,2%	24,4%	12,8%	1,2%	10,5%
C Framleiðsla	94	55,3%	22,3%	12,8%	4,3%	5,3%
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	233	57,5%	25,8%	9,0%	2,6%	5,2%
G Heild- og smásöluverslun, viðg. á vélkn. ökut.	197	54,3%	27,4%	9,6%	3,6%	5,1%
H Flutningur og geymsla	44	56,8%	20,5%	13,6%	0,0%	9,1%
I Rekstur gististaða og veitingarekstur	95	53,7%	28,4%	10,5%	5,3%	2,1%
J Upplýsingar og fjarskipti	86	58,1%	23,3%	11,6%	4,7%	2,3%
K Fjármála- og váttryggingastarfsemi	31	61,3%	32,3%	6,5%	0,0%	0,0%
L Fasteignaviðskipti	76	56,6%	26,3%	7,9%	0,0%	9,2%
M Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	172	68,0%	20,3%	3,5%	4,1%	4,1%
N Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	89	48,3%	31,5%	6,7%	6,7%	6,7%
Q Heilbrigðis- og félagsþjónusta	46	41,3%	45,7%	2,2%	4,3%	6,5%
S Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	33	42,4%	45,5%	0,0%	3,0%	9,1%
Önnur starfsemi	50	62,0%	20,0%	4,0%	4,0%	10,0%
<b>Velta<sup>***</sup></b>						
Innan við 10 m.kr.	250	56,0%	28,4%	3,2%	2,4%	10,0%
10-20 m.kr.	207	56,0%	28,0%	4,3%	2,4%	9,2%
20-50 m.kr.	316	<b>62,0%</b>	27,8%	<b>2,5%</b>	2,2%	5,4%
50-100 m.kr.	188	58,0%	<b>28,7%</b>	7,4%	4,3%	1,6%
100-500 m.kr.	260	53,5%	23,8%	14,6%	5,4%	2,7%
Yfir 500 m.kr.	114	<b>43,9%</b>	<b>14,9%</b>	<b>30,7%</b>	6,1%	4,4%
<b>Heildarfjöldi starfsmanna<sup>***</sup></b>						
1 starfsmaður	329	55,0%	24,9%	<b>2,7%</b>	<b>0,9%</b>	<b>16,4%</b>
2-5 starfsmenn	563	<b>62,2%</b>	28,8%	4,6%	2,3%	2,1%
6-9 starfsmenn	148	54,1%	25,0%	12,2%	7,4%	1,4%
10-49 starfsmenn	215	49,3%	22,8%	20,9%	6,0%	<b>0,9%</b>
50 starfsmenn eða fleiri	60	<b>30,0%</b>	21,7%	<b>25,0%</b>	<b>13,3%</b>	10,0%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 137. Hvaða stöðu gegnir þú innan fyrirtækis þíns? – Bakgrunnsgreining (frh.)**

	Fjöldi	Framkvæmda- stjóri	Forstjóri/ Eigandi	Fjármálastjóri	Millistjórnandi	Önnur staða
<b>Alls</b>	1335	56,2%	26,3%	8,4%	3,5%	8,9%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samráð um samkeppnishamlandi aðgerðir?</b>						
Að mjög miklu leyti	85	52,9%	29,4%	10,6%	2,4%	4,7%
Að frekar miklu leyti	91	59,3%	26,4%	4,4%	5,5%	4,4%
Að nokkru leyti	227	56,8%	29,5%	6,2%	1,8%	5,7%
Að frekar litlu leyti	298	58,7%	26,8%	7,7%	4,0%	2,7%
Að mjög litlu eða engu leyti	592	55,6%	24,2%	10,3%	3,7%	6,3%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú að markaðsráðandi aðili misnoti stöðu sína?</b>						
Að mjög miklu leyti	114	51,8%	30,7%	7,9%	5,3%	4,4%
Að frekar miklu leyti	85	61,2%	25,9%	4,7%	3,5%	4,7%
Að nokkru leyti	265	57,4%	28,3%	6,4%	2,3%	5,7%
Að frekar litlu leyti	304	62,5%	22,4%	6,9%	3,9%	4,3%
Að mjög litlu eða engu leyti	511	53,6%	25,8%	10,8%	3,5%	6,3%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samkeppnishamlandi lög/reglur á þínum markaði?</b>						
Að mjög/frekar miklu leyti	119	58,8%	26,9%	8,4%	2,5%	3,4%
Að nokkru leyti	235	60,0%	21,7%	9,4%	3,4%	5,5%
Að frekar litlu leyti	394	55,8%	26,6%	8,6%	4,1%	4,8%
Að mjög litlu eða engu leyti	495	54,5%	28,1%	7,9%	3,4%	6,1%
<b>Hversu oft fallið frá áformum um samruna vegna óvissu um samþykki Samkeppniseftirlits?^</b>						
Aldrei/Veit ekki	55	45,5%	23,6%	14,5%	9,1%	7,3%
Einu sinni eða oftar	16	56,3%	18,8%	6,3%	18,8%	0,0%
<b>Hversu oft hefur 10. grein haft áhrif á ákvarðanatöku í tengslum við samstarf?^</b>						
Aldrei	1225	56,2%	26,9%	8,1%	3,3%	5,4%
Einu sinni eða oftar	28	57,1%	17,9%	14,3%	7,1%	3,6%
Veit ekki	54	53,7%	14,8%	16,7%	5,6%	9,3%
<b>Hversu oft hefur fyrirtæki hætt við eða breytt hegðun vegna 11. greinar?^</b>						
Aldrei	1201	56,0%	26,6%	8,6%	3,4%	5,4%
Einu sinni eða oftar	58	53,4%	31,0%	1,7%	6,9%	6,9%
Veit ekki	45	62,2%	8,9%	11,1%	4,4%	13,3%
<b>Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag?*</b>						
Já	124	53,2%	25,0%	14,5%	5,6%	1,6%
Nei/Veit ekki	1196	56,4%	26,5%	7,8%	3,3%	6,0%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 138. Hver er heildarstarfsmannafjöldi þess fyrirtækis sem þú ert í forsvari fyrir?**


**Tafla 139. Hver er heildarstarfsmannafjöldi þess fyrirtækis sem þú ert í forsvari fyrir? – Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	1 starfsmaður	2-5 starfsmenn	6-9 starfsmenn	10-49 starfsmenn	50 starfsmenn eða fleiri
<b>Alls</b>	1375	25,5%	43,2%	11,0%	15,9%	4,4%
<b>ÍSAT bálkur***</b>						
A Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	88	20,5%	59,1%	8,0%	<b>8,0%</b>	4,5%
C Framleiðsla	96	16,7%	<b>30,2%</b>	14,6%	29,2%	9,4%
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	254	26,4%	43,3%	12,6%	13,4%	4,3%
G Heild- og smásöluverslun, viðg. á vélkn. ökut.	203	17,7%	46,3%	14,3%	19,2%	2,5%
H Flutningur og geymsla	45	26,7%	46,7%	6,7%	15,6%	4,4%
I Rekstur gististaða og veitingarekstur	93	8,6%	31,2%	<b>24,7%</b>	<b>30,1%</b>	5,4%
J Upplýsingar og fjarskipti	88	25,0%	43,2%	11,4%	13,6%	6,8%
K Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	32	<b>6,3%</b>	<b>65,6%</b>	<b>3,1%</b>	12,5%	<b>12,5%</b>
L Fasteignaviðskipti	72	37,5%	41,7%	5,6%	8,3%	6,9%
M Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	177	<b>42,4%</b>	39,5%	6,2%	10,2%	1,7%
N Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	89	22,5%	41,6%	10,1%	20,2%	5,6%
Q Heilbrigðis- og félagsþjónusta	49	34,7%	42,9%	6,1%	14,3%	2,0%
S Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	36	27,8%	50,0%	11,1%	11,1%	<b>0,0%</b>
Önnur starfsemi	53	35,8%	45,3%	5,7%	11,3%	1,9%
<b>Velta***</b>						
Innan við 10 m.kr.	258	49,2%	39,9%	2,7%	5,0%	3,1%
10-20 m.kr.	226	<b>57,1%</b>	38,1%	<b>2,2%</b>	<b>1,3%</b>	1,3%
20-50 m.kr.	320	22,2%	<b>67,2%</b>	6,6%	3,4%	<b>0,6%</b>
50-100 m.kr.	189	6,9%	62,4%	19,6%	10,1%	1,1%
100-500 m.kr.	268	3,4%	24,6%	<b>27,2%</b>	41,8%	3,0%
Yfir 500 m.kr.	116	<b>1,7%</b>	<b>5,2%</b>	7,8%	<b>52,6%</b>	<b>32,8%</b>
<b>Staða innan fyrirtækis***</b>						
Forstjóri/Eigandi	343	23,9%	47,2%	10,8%	14,3%	3,8%
Framkvæmdastjóri	735	24,6%	<b>47,6%</b>	10,9%	14,4%	<b>2,4%</b>
Fjármálastjóri	113	8,0%	23,0%	15,9%	<b>39,8%</b>	13,3%
Millistjórnandi	48	<b>6,3%</b>	27,1%	<b>22,9%</b>	27,1%	<b>16,7%</b>
Önnur staða	76	<b>71,1%</b>	<b>15,8%</b>	<b>2,6%</b>	<b>2,6%</b>	7,9%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.




**Tafla 140. Hver er heildarstarfsmannafjöldi þess fyrirtækis sem þú ert í forsvari fyrir? – Bakgrunnsgreining (frh.)**

	Fjöldi	1 starfsmaður	2-5 starfsmenn	6-9 starfsmenn	10-49 starfsmenn	50 starfsmenn eða fleiri
<b>Alls</b>	1375	25,5%	43,2%	11,0%	15,9%	4,4%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samráð um samkeppnishamlandi aðgerðir?***</b>						
Að mjög miklu leyti	82	14,6%	48,8%	14,6%	20,7%	1,2%
Að frekar miklu leyti	93	<b>11,8%</b>	<b>49,5%</b>	15,1%	19,4%	4,3%
Að nokkru leyti	236	<b>30,5%</b>	43,6%	11,9%	13,1%	0,8%
Að frekar líttu leyti	309	21,7%	48,5%	12,6%	12,9%	4,2%
Að mjög líttu eða engu leyti	608	26,8%	<b>39,3%</b>	9,7%	17,8%	6,4%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú að markaðsráðandi aðili misnoti stöðu sína?***</b>						
Að mjög miklu leyti	114	13,2%	49,1%	16,7%	17,5%	3,5%
Að frekar miklu leyti	83	<b>12,0%</b>	<b>50,6%</b>	18,1%	18,1%	1,2%
Að nokkru leyti	269	27,1%	46,5%	9,7%	13,8%	3,0%
Að frekar líttu leyti	317	25,2%	46,4%	12,0%	13,9%	2,5%
Að mjög líttu eða engu leyti	526	<b>27,2%</b>	<b>37,5%</b>	9,7%	18,6%	7,0%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samkeppnishamlandi lög/reglur á þínum markaði?*</b>						
Að mjög/frekar miklu leyti	119	<b>12,6%</b>	49,6%	8,4%	22,7%	6,7%
Að nokkru leyti	240	21,7%	42,5%	10,8%	18,8%	6,3%
Að frekar líttu leyti	411	24,6%	44,0%	12,7%	14,1%	4,6%
Að mjög líttu eða engu leyti	504	<b>29,0%</b>	42,3%	10,5%	15,1%	3,2%
<b>Hversu oft fallið frá áformum um samruna vegna óvissu um samþykki Samkeppniseftirlits?^</b>						
Aldrei/Veit ekki	55	5,5%	21,8%	5,5%	38,2%	29,1%
Einu sinni eða oftar	17	0,0%	23,5%	11,8%	29,4%	35,3%
<b>Hversu oft hefur 10. grein haft áhrif á ákvarðanatöku í tengslum við samstarf?^</b>						
Aldrei	1268	25,9%	43,2%	11,0%	15,7%	4,1%
Einu sinni eða oftar	25	12,0%	44,0%	16,0%	20,0%	8,0%
Veit ekki	54	16,7%	42,6%	7,4%	24,1%	9,3%
<b>Hversu oft hefur fyrirtæki hætt við eða breytt hegðun vegna 11. greinar?^</b>						
Aldrei	1245	25,8%	42,4%	11,3%	16,1%	4,4%
Einu sinni eða oftar	54	20,4%	51,9%	9,3%	14,8%	3,7%
Veit ekki	43	11,6%	53,5%	9,3%	18,6%	7,0%
<b>Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag?***</b>						
Já	123	<b>6,5%</b>	<b>34,1%</b>	13,8%	<b>26,0%</b>	<b>19,5%</b>
Nei/Veit ekki	1240	<b>27,3%</b>	<b>44,1%</b>	10,8%	<b>14,9%</b>	<b>2,8%</b>

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 141. Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag?**



**Tafla 142. Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag? – Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Já	Nei/Veit ekki
<b>Alls</b>	1445	8,9%	91,1%
<b>ÍSAT bálkur***</b>			
A Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	93	5,4%	94,6%
C Framleiðsla	96	9,4%	90,6%
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	260	3,8%	96,2%
G Heild- og smásöluverslun, viðg. á vélkn. ökut.	203	13,8%	86,2%
H Flutningur og geymsla	44	15,9%	84,1%
I Rekstur gististaða og veitingarekstur	96	10,4%	89,6%
J Upplýsingar og fjarskipti	87	19,5%	80,5%
K Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	36	<b>22,2%</b>	<b>77,8%</b>
L Fasteignaviðskipti	76	9,2%	90,8%
M Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	177	6,8%	93,2%
N Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	91	5,5%	94,5%
Q Heilbrigðis- og félagsþjónusta	47	4,3%	95,7%
S Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	34	5,9%	94,1%
Önnur starfsemi	53	<b>3,8%</b>	<b>96,2%</b>
<b>Velta***</b>			
Innan við 10 m.kr.	260	5,4%	94,6%
10-20 m.kr.	227	<b>3,1%</b>	<b>96,9%</b>
20-50 m.kr.	331	8,2%	91,8%
50-100 m.kr.	191	6,8%	93,2%
100-500 m.kr.	270	11,5%	88,5%
Yfir 500 m.kr.	114	<b>28,9%</b>	<b>71,1%</b>
<b>Staða innan fyrirtækis*</b>			
Forstjóri/Eigandi	348	8,9%	91,1%
Framkvæmdastjóri	740	8,9%	91,1%
Fjármálastjóri	111	<b>16,2%</b>	<b>83,8%</b>
Millistjórnandi	47	14,9%	85,1%
Önnur staða	74	<b>2,7%</b>	<b>97,3%</b>

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

**Tafla 143. Hefur fyrirtæki þitt verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið frá 1. janúar 2019 til dagsins í dag? – Bakgrunnsgreining (frh.)**

	Fjöldi	Já	Nei/Veit ekki
<b>Alls</b>	1445	8,9%	91,1%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samráð um samkeppnishamlandi aðgerðir?***</b>			
Að mjög miklu leyti	87	<b>25,3%</b>	<b>74,7%</b>
Að frekar miklu leyti	94	11,7%	88,3%
Að nokkru leyti	235	<b>6,4%</b>	<b>93,6%</b>
Að frekar líttu leyti	314	8,3%	91,7%
Að mjög líttu eða engu leyti	615	7,8%	92,2%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú að markaðsráðandi aðili misnoti stöðu sína?***</b>			
Að mjög miklu leyti	116	<b>28,4%</b>	<b>71,6%</b>
Að frekar miklu leyti	85	18,8%	81,2%
Að nokkru leyti	273	7,3%	92,7%
Að frekar líttu leyti	323	<b>6,2%</b>	<b>93,8%</b>
Að mjög líttu eða engu leyti	533	6,6%	93,4%
<b>Að hversu miklu leyti skynjar þú samkeppnishamlandi lög/reglur á þínum markaði?***</b>			
Að mjög/frekar miklu leyti	119	<b>20,2%</b>	<b>79,8%</b>
Að nokkru leyti	241	14,1%	85,9%
Að frekar líttu leyti	411	7,1%	92,9%
Að mjög líttu eða engu leyti	514	<b>6,2%</b>	<b>93,8%</b>
<b>Hversu oft fallið frá áformum um samruna vegna óvissu um samþykki Samkeppniseftirlits?</b>			
Aldrei/Veit ekki	54	48,1%	51,9%
Einu sinni eða oftar	18	55,6%	44,4%
<b>Hversu oft hefur 10. grein haft áhrif á ákvarðanatöku í tengslum við samstarf?^</b>			
Aldrei	1283	8,3%	91,7%
Einu sinni eða oftar	27	22,2%	77,8%
Veit ekki	55	14,5%	85,5%
<b>Hversu oft hefur fyrirtæki hætt við eða breytt hegðun vegna 11. greinar?</b>			
Aldrei	1257	8,6%	91,4%
Einu sinni eða oftar	57	14,0%	86,0%
Veit ekki	47	14,9%	85,1%
<b>Heildarfjöldi starfsmanna***</b>			
1 starfsmaður	347	<b>2,3%</b>	<b>97,7%</b>
2-5 starfsmenn	589	7,1%	92,9%
6-9 starfsmenn	151	11,3%	88,7%
10-49 starfsmenn	217	14,7%	85,3%
50 starfsmenn eða fleiri	59	<b>40,7%</b>	<b>59,3%</b>

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: \*p<0,05, \*\*p<0,01, \*\*\*p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.